MOSFELLINGUR

8. tbl. 9. árg. föstudagur 28. maí 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Ætlunin að stika 65 km

Vígsla nýrra gönguleiða

Vígsla á stikuðum gönguleiðum um ústivistarsvæði Mosfellsbæjar fór fram á uppstigningardag. Skátafélagið Mosverjar hefur haft veg og vanda að uppsetningu vegpresta og upplýsingaskilta í samvinnu við bæjarfélagið. Markmiðið er að auðvelda almenningi aðgang að ósnortinni náttúru umhverfis Mosfellsbæ. Laugardaginn 5. júní fer fram sjö tinda hlaupið í annað sinn og er þá stuðst við merkingarnar um fjöll, heiðar og dali. Um er að ræða krefjandi utanvegahlaup þar sem hægt verður að velja um þrjár vegalengdir. Mosverjar og Björgunarsveitin Kyndill hafa veg og vanda að hlaupinu.

» 4

EIGN VIKUNNAR

Litlikriki 2

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Mjög falleg 4ra herbergja, 156,5 m2 íbúð á 1. hæð ásamt 35,3 m2 bílskúr í 3ja hæða í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með sturtuklefa og baðkari, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðin er rúmgóð og falleg með glæsilegum innréttingum frá Axis. Gólfefni eru plankaparket úr hnotu og flísar. Svalir og sér garður. **V. 36,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

BGS VOTTUÐ ÞJÓNUSTA

Þjónustuverkstæði
útvegum bílaleigubíla

Ný
CABAS
tjónaskoðun

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 16. júní

Á fjögurra ára fresti

Á morgun kjósum við fólk til starfa fyrir bæjarfélagið. Kosið er í Lágafellsskóla kl. 9-22.

Kosningabaráttan hefur verið óvenju leiðinleg og ómálefnaleg að þessu sinni. Sjaldnast sem menn tala um eigið ágæti og þá björtu framtíð sem ætti að bíða okkar hér í Mosfellsbæ.

Í Reykjavík hafa menn val um að kjósa grínframboð og þykir mér það vel. Hvað voru margir borgarstjórar á kjörtímabilinu? Þegar menn bera ekki virðingu fyrir því starfi sem þeir gegna í þágu almennings mega þeir alveg eiga von á blautri tusku í andlitið.

Í Mosfellsbæ hafa hins vegar tveir mjög ólíkir flokkar starfað saman í heilt kjörtímabil. Á morgun verða þeirra störf lögð í hendur kjósenda. Nú er komið að því að gera upp við sig. Hverjum treystum við fyrir næstu fjórum árum? Tökum þátt í móta eigin framtíð. Kjósum.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Lágafell Camp var þar sem nú er Hlíðartúnshverfið. Þar voru gripahús og hlöður miklar sem tilheyrðu búskap Thor Jensen á Lágafelli. Hlöðurnar tók herinn til sinna nota. Nokkur munur var á byggingalagi bragganna sem hernámsliðið reisti. Bretar nefndu sína skála Nissen-bragga en þeirvoru tunnulaga þe. hliðar hvelfdust inn við grunninn. Bandarísku skálarnir gengu almennt undir nafninu Quonset og ein algeng gerð þeirra var með lágum beinum veggjum og gluggum á hliðum. Þá hlóðu þeir gjarna torfi og grjóti með hliðum bragganna til að styrkja þá og koma í veg fyrir dragsúg. Myndin sýnir skemmdir í braggahverfinu eftir óveður. Í brekkunni blasa við útihús og starfsmannahúsið á Lágafelli.
Lágafellshúsið var fyrir nokkrum árum flutt í Hlíðartúnshverfið og er þar enn.
Umsjón: Birgir D. Sveinsson

HÉÐAN OG ÞAÐAN

matarlist.is

Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

TIL LEIGU

Til leigu ca. 60 m2, 2ja herbergja íbúð með sér inngangi við Dalatanga í Mosfellsbæ.
Íbúðin skiptist í hol, baðherbergi, svefnherbergi og stofu.
Sér afgirtur garður.
Leiguverð er 85 þ. kr. á mánuði.
Innifalið er rafmagn og hiti.

Laxatunga 94, 96 og 98

Mögul. á allt að 90% fjármögnun!
Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð.Hiti í gólfum. Áhv. eru ca. 21 millj. kr. ÍLS lán.
V. 29,9 m.

Laxatunga 116-124

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun!
Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,5 millj. kr. ÍLS lán.
V. 20,6 m.

Furubyggð - 270 Mosfellsbær

Fallegt 169,5 m2 parhús á einni hæð með bílskúr við Furubyggð. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrinn er 27,4 m2 með geymslulofti. Þetta er mjög falleg eign í fallegu umhverfi.
V. 35,9 m.

Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær

Fallegt 242,6 m2 parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu. Á jarðhæð er forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr. Á annari hæðinni eru 3 barnaherb., gott hjónaherb., þvottahús og stórt baðherb. með risasturtuklefa. Húsið stendur innst í botnlanga með útsýni til austurs, suðurs og vesturs.
V. 47,5 m.

Tröllateigur - 270 Mosfellsbær

Falleg 4ra herbergja, 100,7 m2 íbúð á annari hæð í fjölbýlishúsi við Tröllateig. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherb. með baðkari og sturtu, þvottahús, þrjú svefnherb., eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig 7,2 m2 sérgeymsla. Þetta er falleg eign miðsvæðis í Mosfellsbænum.
V. 24,9 m.

Bjartahlíð - 270 Mosfellsbær

Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Bjartuhlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús.
V. 25,9 m.

Blikahöfði - 270 Mosfellsbær

Falleg 100,2 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli, ásamt 27,6 m2 bílskúr við Blikahöfða 3 í Mosfellsbæ. Falleg eign á vinsælum stað. Mjög stutt er í skóla, leikskóla og sundlaug auk þess sem golfvöllur Mosfellsbæjar er í næsta nágrenni.
V. 25,9 m.

Stórikriki 2 - 270 Mosfellsbær

Glæsilegar og rúmgóðar 2-4ra herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með fallegum innréttingum. Bílastæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum.
Verð frá 18,9 m.

Fálkahöfði - 270 Mosfellsbær

Falleg og björt 104,6 m2, 3ja herb. endaíbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli með glæsilegu útsýni við Fálkahöfða. Íbúðin skiptist í fortofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, hjónaherb., barnaherb. og baðherb. með sturtuklefa og baðkari.
V. 22,9 m.

Stórikriki 41 - 270 Mosfellsbær

352,6 m2 einbýlishús í byggingu á stórri hornlóð við Stórakrika 41 í Mosfellsbæ. Húsið er byggingu í dag og selst í núverandi ástandi. Búið er að steypa botnplötu 1. og 2. hæðar, auk þess sem búið er að steypa upp bílskúr.
V. 23,9 m.

Brattahlíð - 270 Mosfellsbær

Mjög fallegt og vel skipulagt 228 fm einbýlishús í byggingu, á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Bröttuhlíð 15 í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt og tilbúið til afhendingar.
V. 33,0 m.

Leirvogstunga - 270 Mosfellsbær

437 m2 einbýlishúsalóð ásamt steyptri plötu og teikningum af 199,2 m2 einbýlishúsi á einni hæð + ris við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Samkv. fyrirliggjandi teikningum er gert ráð fyrir húsi sem er að mestu á einni hæð.
V. 9,0 m.

Undirbúningur kominn í gang

Hafinn er undirbúningur að byggingu nýrrar slökkvistöðvar og lögreglustöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Nýja stöðin verður mikil þjónustubót fyrir Mosfellinga, bæði hvað varðar þjónustu slökkviliðs, sjúkrabíla og lögreglu.
Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra mun viðbragðstími sjúkrabíla og slökkviliðs styttast umtalsvert og með tilkomu lögreglustöðvarinnar verður lögreglan enn sýnilegri í bæjarfélaginu, sem jafnframt eykur öryggi íbúa. „Við höfum barist fyrir því að fá þessa stöð hingað í Mosfellsbæ og því gleðiefni að framkvæmdir eru nú að hefjast," segir Haraldur.

Ungmennaráð hvetur til árverkni

Á 9. fundi ungmennaráðs Mosfellsbæjar þann 27. apríl s.l. var m.a. rætt um umferðaröryggismál í Mosfellsbæ og til hvaða úrræða væri hægt að grípa til að auka öryggi gangandi vegfarenda. Ungmennaráð vill hvetja bílstjóra jafnt sem gangandi vegfarendur til að sýna árvekni og tillitsemi í umferðinni, og eru bílstjórar sérstaklega hvattir til að virða reglur um hámarkshraða og stöðvunarskyldu nálægt skólum og þar sem börn eru að leik.

Réttingarverkstæði Jóns B. hlýtur gæðavottun Bílgreinasambandsins

Feðgar og fagmenn að störfum

Réttingaverkstæði Jóns B. hlaut á dögunum gæðavottun Bílgreinasambandsins en það er BSI á Íslandi sem sér um og tekur út verkstæði fyrir slíka vottun. Gæðastýringin tryggir að þjónustan við viðskiptavininn verði betri og markvissari og einnig fáist betri yfirsýn yfir reksturinn.

Feðgarnir Gunnlaugur og Jón B. Guðmundsson.

Sjö fagmenntaðir starfsmenn

Réttingaverkstæði Jóns B. var stofnað 1978 af Jóni B. Guðmundssyni bifreiðasmiða meistara. Fyrst um sinn var verkstæðið í bílskúr í Bjargartanga en fluttist svo í Flugumýri 2 árið 1984 og hefur verið þar síðan. Í byrjun voru aðeins tveir starfsmenn en í dag starfa sjö fagmenntaðir starfsmenn hjá fyrirtækinu, bifreiðasmiðir og bílamálarar. „Fyrirtækið býður uppá réttingar, málningu og í raun allt sem við kemur bílum. Við erum einnig í mjög góðu samstarfi við hann Bjössa hérna við hliðina á ef að eitthvað vantar uppá" segir Gunnlaugur Jónsson.

Fimm stjörnur frá Sjóvá

Verkstæðið er í samstarfi við tryggingarfélögin og hefur aðgang að innra neti Sjóvá sem gerir þeim kleift að gera tjónaskýrslur og allt sem því fylgir á staðnum. „Viðskiptavinirnar koma með bílana tjónaða til okkar og við sjáum um málið frá a-ö."

Sjóvá gefur samstarfsverkstæðum sínum stjörnur og fær Réttingaverkstæðið fimm stjörnur af fimm mögulegum, sem einungis verkstæði með Gæðavottun BGS eiga möguleika á.

Aðalstarfsemi fyrirtækisins í Flugumýri er: réttingar, málun, rúðuskipti ásamt öðru sem tengist bifreiðasmíði.

BGS gæðavottunin er verkefni sem þeir feðgar á verstæðinu eru búnir að vera að vinna að í allan vetur. „Við vonumst eftir að vottunin verði til þess að viðskiptavinirn leiti frekar til okkar. Þægilegt fyrir bíleigandann að geta leitað á einn stað með allt sem við kemur bílnum og að hann geti verið viss um að unnið sé eftir þrengstu kröfum" segja þeir feðgar Gunnlaugur og Guðmundur.

Réttingaverkstæði Jóns B. leggur mikinn metnað í útlit og aðgengi fyrirtækisins og fékk sem dæmi umhverfis verðlaun Mosfellsbæjar árið 2009.

Frá fyrsta degi hefur fyrirtækið kappkostað að vera með þann besta og fullkomnasta tækjabúnað á hverjum tíma og raunar verið brautryðjandi í þeim efnum. Nýlega opnuðu þeir nýja og endurbætta heimasíðu þar hægt er að kynna sér starfsemina, www.jonb.is

Mikill áhugi er fyrir utanvegahlaupi um fjöll og firnindi í Mosfellsbæ

7 tindahlaupið haldið í annað sinn

Laugardaginn 5. júni verður 7 tinda hlaupið, utanvegahlaup í Mosfellsbæ, haldið í annað sinn. Hlaupið hefst kl 10 við Lágafellslaug. Hlaupið eru utanvega um fjöll, heiðar og dali í bæjarlandi Mosfellsbæjar og komið aftur í mark við Lágafellslaug. Forskráning fer fram á www.hlaup.is. Hlaupið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og fer fram fyrir tilstuðlan Skátafélagsins Mosverja með stuðningi Mosfellsbæjar og Björgunarsveitarinnar Kyndils.

Boðið verður upp á þrjár mismunandi vegalengdir, 7 tinda 37 km, 5 tinda 34 km og 19 km. Leiðin verður merkt með skærlitum flöggum og spreyi á göngustígum. Skátarnir hafa lokið fyrsta áfanga á stikun gönguleiða um fellin sem einnig verður stuðst við í hlaupinu. Göngukort um þessar slóðir má finna á vef bæjarins www.mos eða nálgast á bókasafninu eða í íþróttamiðstöðinni.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is

Helgihald næstu vikna

30. maí - Þrenningarhátíð
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju
kl. 11.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

6. júní - Sjómannadagurinnn
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju
kl. 11.
Sr. Skírnir Garðarsson

13. júní
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Prjónasamvera í safnaðarheimilinu
fimmtudagksvöldið
3. júní kl. 20.

Kristin íhugun
- Centering prayer
miðvikudaga kl. 17: 30

Foreldramorgnar
á mánudögum milli
kl. 10 - og 12 út júní.

Allar upplýsingar um safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimasíðu kirkjunar: ***www.lagafellskirkja.is***

www.lagafellskirkja.is

Það sem hefur áunnist á kjörtímabilinu

Á síðustu átta árum, síðan sjálfstæðismenn komust til valda, hefur rekstur bæjarins tekið miklum breytingum til hins betra. Þrátt fyrir efnahagslegt áfall þjóðarinnar þá hefur Mosfellsbær verið fær um að bjóða upp á öfluga þjónustu og halda uppbyggingu bæjarfélagsins áfram. Á kjörtímabilinu hefur meðal annars áunnist:

- Ábyrg fjármálastjórn.
- Krikaskóli stofnaður.
- Glæsileg almenningssundlaug.
- Gervigrasvöllur við Varmá.
- Frístundaávísanir og auknir styrkir til barna- og unglingastarfs.
- Framhaldsskóli í Mosfellsbæ.
- Ævintýragarður í Ullarnesbrekkum.
- Stefna um sjálfbært samfélag.
- Nýtt miðbæjarskipulag og glæsilegt miðbæjartorg.
- Reiðhöll og aðstaða fyrir Motómos.
- Viljayfirlýsing um PrimaCare, sjúkrahús og heilsuhótel.
- Aukið samráð við íbúa og ungmennaráð stofnað.
- Samið um hjúkrunarheimili.

SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR Í MOSFELLSBÆ 1990-2006



1990-1994
Meirihluti D-lista

D-listi Sjálfstæðisflokks
E-listi Einingar



1994-1998
Meirihluti B- og G-lista

B-listi Framsóknarflokks
D-listi Sjálfstæðisflokks
G-listi Alþýðubandalags



1998-2002
Meirihluti B- og G-lista

B-listi Framsóknarflokks
D-listi Sjálfstæðisflokks
G-listi Alþýðubandalags



2002-2006
Meirihluti D-lista

B-listi Framsóknarflokks
D-listi Sjálfstæðisflokks
G-listi Samfylkingar og Vinstri-grænna



2006-2010
Meirihluti D- og V-lista

B-listi Framsóknarflokks
D-listi Sjálfstæðisflokks
S-listi Samfylkingar
V-listi Vinstri-grænna

Á kjörskrá í Mosfellsbæ eru 5.793 manns

KOSIÐ Á MORGUN

Á morgun, 29. maí verður gengið til kosninga víðsvegar um allt land. Fimm listar eru í boði í Mosfellsbæ, Framsóknarflokkurinn (B), Sjálfstæðisflokkurinn (D), Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ (M), Samfylkingin (S) og Vinstrihreyfingin grænt framboð (V).

Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænir hafa starfað saman í meirihluta á því kjörtímabili sem nú er að ljúka en í bæjarstjórn Mosfellsbæjar eru sjö kjörnir bæjarfulltrúar.

16% fleiri á kjörskrá

Mosfellingar kjósa í Lágafellsskóla og er kjörstaður opinn frá kl. 9-22. Á kjörskrá eru 5.793 sem er 16% fleiri en í kosningunum 2006. Íbúafjöldi í Mosfellsbæ 1. desember 2009 var 8.527. Hér á síðunni er farið yfir úrslit kosninga í Mosfellsbæ frá árinu 1990. Á síðustu 12 árum hafa allir flokkar starfað í meirihluta nema hin nýja Íbúahreyfing sem býður nú fram í fyrsta sinn. Fjárhagsstaða bæjarins virðist traust en frambjóðendum er tíðrætt um íbúalýðræði.

Engar kannanir hafa verið gerðar á fylgi flokkana í Mosfellsbæ og því fróðlegt að fylgjast með talningu upp úr kjörkössum á morgun.

» KJÖRNIR FULLTRÚAR

Kjörnir fulltrúar eru þeir einstaklingar sem Mosfellingar velja í sveitarstjórn í sveitarstjórnarkosningum sem haldnar eru á fjögurra ára fresti að jafnaði. Hlutverk þeirra er að sjá til þess að sveitarfélagið veiti þá þjónustu sem íbúarnir æskja. Það gera hinir kjörnu fulltrúar með því að skipuleggja, stýra eða eru til ráðuneytis um stefnu sveitarfélagsins, setja opinberar samþykktir og reglur. Þeir móta því stefnu og markmið í þeim málaflokkum sem undir sveitarfélagið heyra og að ganga úr skugga um hvort og þá hvernig þeim er fylgt eftir.

Á bls. 10 má finna lokaorð oddvitanna í þessari kosningabaráttu. Fjöldi aðsendra greina um bæjarmálin má einnig finna í aftari hluta blaðsins.



Í DAG BÆJARSTJÓRN MOSFELLSBÆJAR

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR: Haraldur Sverrisson *bæjarstjóri*, Herdís Sigurjónsdóttir, Hafsteinn Pálsson
VINSTRI GRÆNIR: Karl Tómasson *forseti bæjarstjórnar*
SAMFYLKING: Jónas Sigurðsson, Hanna Bjartmars Arnarsdóttir
FRAMSÓKN: Marteinn Magnússon

ELDRI BORGARAR

Látrabjarg!

Ferðafélagar í ferðinni um Vestfirði.
Við leggjum af stað frá Eirhömrum kl. 6.30 að morgni þann 10. júní og áætlum að vera komin uppúr kl. 8.30 í Stykkishólm. Þaðan verður lagt af stað kl. 9 með Breiðafjarðarferjunni Baldri og er áætlaður komutími til Brjánslækjar um kl. 11.30. Nánari ferðalýsing við brottför.
Vinsamlega greiðið ferðina sem fyrst.

Kvennahlaupið/gangan

frá Eirhömrum verður þriðjudaginn 15. júní kl. 14. Bolir verða seldir á skrifstofu félagsstarfsins á Eirhömrum 14. og 15. júní.

Við hvetjum aðstandendur til þess að taka þátt göngunni með sínu fólki. Sjá nánari upplýsingar í dreifibréfi sem kemur út fyrir hlaupið.

ATH: Vegalengdir verða miðaðar við getu þátttakenda.

Upplýsingar og skráningar í ferðir og námskeið eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814

GRILL NESTI

HÁHOLT 24 - 270 MOSFELLSBÆR

KJÓSUM AÐEINS ÞAÐ BESTA

SUMARIÐ ER KOMIÐ

GÓÐA HELGI

EUROVISION

1199 KR

SNAKKTILBOÐ

SNAKK, POPP OG 2L KÓK

699 KR

ÍSTILBOÐ

1L EMMESSÍS ÚR VÉL

2850 KR

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

4 HAMBORGARAR, FRANSKAR, SÓSA, 2L KÓK OG NIZZA SÚKKULAÐIKASSI

TILBOÐIN GILDA FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

MAARUD

Orville Redenbacher's GOURMET POPPING CORN

emmessís

BEINT Í BÍLINN

EUROVISION

GRILL NESTI

Kaffihúsið

á Álafossi

Álafossvegur 27 - sími 566 8030

Þökkum hlýjar og góðar móttökur

þar sem fossinn niðar í eyrum gesta
og vertarnir gera alltaf sitt besta

Verið velkomin

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ KJÓSA?

Mosfellingur fékk nokkur lokaorð frá oddvitum flokkanna í Mosfellsbæ fyrir kosningarnar á morgun

www.mosfellsfrettir.is | www.mos.xd.is | www.ibuahreyfingin.is | www.xs.is/mos | www.vgmos.is

Marteinn Magnússon

Kjósum nýja forystu!

Nú er tími nýrra hugmynda og nýrrar nálgunar. Það er mikilvægt að skilja á milli framkvæmdavalds og kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Þess vegna munum við í B-listanum leggja mikla áherslu á faglega ráðningu á ópólitískum bæjarstjóra komumst við til áhrifa.

Stjórnsýslan á að vera fagleg og jöfn gagnvart öllum þeim sem þjónustu hennar njóta og laus undan daglegum pólitískum áhrifum. Allar ákvarðanir skulu byggðar á jafnræði og meðalhófi.

Það verður forgangsatriði að tryggja rekstur grunnþjónustu og greiða niður skuldir bæjarfélagsins á næstu árum. Breyta þarf forgangsröðun með því að lækka kostnað í yfirstjórn og hlúa betur að málefnum skóla og fjölskyldunnar.

Við í B-listanum höfum mikla trúa á framtíðinni og að við getum öll haft það gott hér í bæ. Við viljum auka upplýsingamiðlun til bæjarbúa og tryggja íbúalýðræði. Mikilvægt er að Mosfellsbær hafi góða og jafna þjónustu fyrir alla svo lífsgæði íbúanna verið sem mest á hverju tíma.

Haraldur Sverrisson

Það skiptir máli hverjir stjórna

Á laugardaginn gefst þér tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið þitt. Við sjálfstæðismenn höfum verið við stjórn í Mosfellsbæ undanfarin átta ár. Við getum með stolti sagt að á þessum tíma hafa bæjarbúar fengið að njóta þeirrar uppsveiflu sem var í íslensku efnahagslífi með ábyrgri meðferð almannafjár. Við höfum byggt upp þjónustu við bæjarbúa á markvissan hátt í takt við þá miklu íbúaaukningu sem hér hefur verið. Jafnframt höfum við sýnt fyrirhyggju og greitt niður skuldir bæjarins. Við ætlum að standa vörð um grunnþjónustuna, tryggja það að þjónusta hér í bæ verðir áfram leiðandi á landsvísu, álögur á íbúa verði áfram lágar og að til verði 1000 ný störf í bæjarfélaginu.

Mosfellingar njóta þess nú, þökk sé ábyrgri stjórnun sveitarfélagsins, að hér ríkir jákvæðni og bjartsýni. Í Mosfellsbæ er framtíðin björt, fjárhagurinn traustur, umhverfið fagurt og mannlífið blómlegt. Viljir þú tryggja að svo verði áfram, nýttu atkvæðisrétt þinn og settu X við D á kjördag. Það skiptir máli hverjir stjórna.

Jón Jósef Bjarnason

Tími aðhalds er framundan

Kæri íbúi, á laugardaginn hefur þú val, þú getur kosið Íbúahreyfinguna í Mosfellsbæ og tekið í taumana á alræði fjórflokksins sem á ekki erindi í bæjarmálin.

Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritsjóri Morgunblaðsins er í uppgjöri við fortíðina og byrjar bók sína svo: „Ég er búinn að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta."

Það er okkar, íbúanna í Mosfellsbæ að koma í veg fyrir að sérhagsmunagæsla fái þrifist í bænum okkar. Íbúahreyfingin mun berjast fyrir gegnsæi og að vald bæjarbúa komi fram í beinu íbúalýðræði.

Íbúahreyfingin vill slíta pólitísk tengsl bæjarstjóra og bæjarstjórnarfulltrúa með ráðningu bæjarstjóra og skipa í nefndir á faglegum forsendum.

Tími aðhalds er framundan, tryggjum að sérhagsmunir hafi ekki áhrif á forgangsröðunina. Nýtt Ísland hefst í heimabyggð, x-M

Jónas Sigurðsson

Traust – Heiðarleiki – Velferð

Ágæti bæjarbúi. Nú stendur þú frami fyrir því vali að kjósa fólk til setu í bæjarstjórn Mosfellsbæjar næstu 4 árin. Við bjóðum við fram traust og heiðarlegt fólk. Fólk sem hefur þekkingu, reynslu og getu til að takast á við þau erfiðu verkefni sem bíða bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Fólk sem hefur velferð og hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi. Verulega þrengir að fjárhag bæjarfélagsins á komandi árum. Því er mikilvægt að forgangsröðun bæjarins í verkefnum og þjónustu sé með réttum hætti, að forgangsraðað sé með hagsmuni fjölskyldunnar í huga með áherslu á aðstæður barna og ungmenna, aldraða, fatlaða og sjúka. Það er líka mikilvægt að stjórnsýsla bæjarins sé opin, gagnsæ og lýðræðisleg. Að bæjaryfirvöld vinni með bæjarbúum að mótun samfélags okkar en láti þar ekki séhagsmuni ráða ferð. Spor núverandi meirihluta hræða í þessum efnum.

Með því að tryggja Samfylkingunni þrjá fulltrúa í bæjarstjórn tryggir þú framgang þessara áherslna.

Karl Tómasson

Áhrif VG hafa reynst vel

Mosfellsbær er fyrirmyndarsamfélag að flestu leyti og í stöðugri sókn. Á þessu kjörtímabili hefur margt gott áunnist. Nýr, glæsilegur Krikaskóli og nýstofnaður framhaldsskóli eru mikil og góð viðbót við okkar öfluga skólastarf. Íþrótta- og útivistaraðstaða er til fyrirmyndar. Lyft var grettistaki í umhverfismálum, bæjarfélagið var fyrst til að samþykkja Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla og síðast en ekki síst hefst brátt bygging hjúkrunarheimilis.

Það er aldrei svo að ekki megi sumstaðar bæta í og gera betur. Til að góður árangur náist og framfarir eigi sér stað er lykilatriði að við stjórnvölinn sé áhugasamt fólk sem hefur bæði vilja og getu til að stjórna í samráði við íbúa bæjarins. Innan vébanda vinstri grænna í Mosfellsbæ eru einstaklingar sem hafa lengi unnið saman og eru með fjölþætta reynslu og víðtæka þekkingu á innviðum samfélagsins.

Mosfellingar.

Tryggjum áfram áhrif vinstri-grænna í bæjarstjórn Mosfellsbæjar á næsta kjörtímabili.



Auglýsing frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Boðnir eru fram eftirfarandi framboðslistar
við bæjarstjórnarkosningar í Mosfellsbæ 29. maí 2010

Mosfellsbær

B - listi Framsóknarflokksins	D - listi Sjálfstæðisflokksins	M - listi Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ	S - listi Samfylkingarinnar	V - listi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
1. Marteinn Magnússon	1. Haraldur Sverrisson	1. Jón Jósef Bjarnason	1. Jónas Sigurðsson	1. Karl Tómasson
2. Bryndís Bjarnarson	2. Herdís Sigurjónsdóttir	2. Þórður Björn Sigursson	2. Hanna Bjartmars Arnardóttir	2. Bryndís Brynjarsdóttir
3. Snorri Hreggviðsson	3. Bryndís Haralds	3. Birta Jóhannesdóttir	3. Valdimar Leó Friðriksson	3. Sigurlaug Ragnarsdóttir
4. Björg Reehaug Jensdóttir	4. Hafsteinn Pálsson	4. Hildur Margrétardóttir	4. Anna Sigríður Guðnadóttir	4. Högni Snær Hauksson
5. Linda Björk Stefánsdóttir	5. Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	5. Guðlaugur Hrafn Ólafsson	5. Jónas Rafnar Ingason	5. Ólafur Gunnarsson
6. Sveinbjörn Ottesen	6. Rúnar Bragi Guðlaugsson	6. Soffía Alice Sigurðardóttir	6. Lísa Sigríður Greipsson	6. Ingibjörg Bryndís Ingólfsdóttir
7. Ásta Björk Benediktsdóttir	7. Theodór Kristjánsson	7. Guðbjörg Pétursdóttir	7. Gerður Pálsdóttir	7. Bjarki Bjarnason
8. Óli Kárason Tran	8. Eva Magnúsdóttir		8. Sigrún Pálsdóttir	8. Íris Hólm Jónsdóttir
9. Guðni Þorbjörnsson	9. Hreiðar Örn Zoega Stefánsson		9. Ragnar Gunnar Þórhallsson	9. Höskuldur Þráinsson
10. Vigdís Beck	10. Haraldur Haraldsson		10. Íris Björg Kristjánsdóttir	10. Jóhanna B. Magnúsdóttir
11. Eggert Sólberg Jónsson	11. Elías Pétursson		11. Douglas Alexander Brotchie	11. Jón Davíð Ragnarsson
12. Kristbjörg Þórisdóttir	12. Júlía M. Jónsdóttir		12. Gísli Freyr Guðbjörnsson	12. Elísabet Kristjánsdóttir
13. Níels U. Hauksson	13. Hjörtur Methúsalemsson		13. Margrét Gróa Björnsdóttir	13. Birgir Haraldsson
14. Þröstur Karlsson	14. Ragnheiður Ríkharðsdóttir		14. Jón Baldvin Hannibalsson	14. Gísli Ársæll Snorrason

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörg Inga Jónsdóttir
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson

Samfylkingin ætlar að tryggja íbúum Mosfellsbæjar:

- **Velferð fyrir alla óháð efnahag.**
- **Forgangsröðun í þágu barna og ungmenna.**
- **Traust og heiðarlegt fólk til starfa í þína þágu.**
- **Bætta stoðþjónustu skólanna.**
- **Raunverulegt íbúalýðræði.**
- **Aukna áherslu á menningar- og heilsutengda ferðaþjónustu.**
- **Faglegan stuðning við íþrótta og æskulýðsstarf.**

Með því að kjósa Samfylkinguna í kosningunum á morgun tryggir þú að jafnaðarstefnan eigi öfluga málsvara í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Traust - Heiðarleiki - Velferð

Traust Heiðarleiki Velferð

Jónas Sigurðsson
bæjarfulltrúi

Hanna Bjartmars Arnardóttir
bæjarfulltrúi og grunnskólakennari

Valdimar Leó Friðriksson
framkvæmdastjóri

Anna Sigríður Guðnadóttir
upplýsingastjóri

Jónas Rafnar Ingason
viðskiptafræðingur

Lísa Sigríður Greipsson
grunnskólakennari

Gerður Pálsdóttir
sérkennslustjóri og þroskaþjálfi

Sigrún Pálsdóttir
verkefnisstjóri

Ragnar Gunnar Þórhallsson
deildarstjóri

Íris Björg Kristjánsdóttir
skrifstofustjóri

Douglas Alexander Brotchie
tónlistarmaður

Gísli Freyr Jónínuson Guðbjörnsson
nemi

Margrét Gróa Björnsdóttir
móttökuritari

Jón Baldvin Hannibalsson
fyrrv. ráðherra og sendiherra

Unglingadeild Kyndils safnar fé með maraþoni

Sigu yfir 100 kílómetra

Helgina 7.-9. maí stóð unglingadeild Kyndils fyrir sigmaraþoni til fjáröflunar fyrir landshlutamót unglingadeilda sem fram fer í Vestmannaeyjum í sumar. Deildin safnaði áheitum í bænum. Ákveðið var að fara í Grindavík þar sem notið var aðstoðar frá Bjs. Þorbirni með afnot af húsnæði og búnaði frá þeim, svo var byrjað á miðnætti aðfaranætur laugardags 8. maí. Til stóð að síga 52 kílómetra á 24 klukkustundum en þar sem að krafturinn og dugnaðurinn í krökkunum var svo mikill var ákveðið að síga í 37 klukkustundir og náðist þannig að síga 100.323 metra eða rétt rúmlega 100 kílómetra. Aldrei hefur jafn mikið verið sigið í einu svo vitað sé en maraþonið fór fram á gömlum lýsistönkum. Til þess að ná þessum merka áfanga þurfti að síga hvorki meira né minna en rúmlega 5.200 ferðir.

Unglingadeildin vill koma á framfæri þökkum til bæjarbúa og allra sem hjálpuðu þeim í þessu stóra verkefni.

Allir sem sóttu um innan tiltekins frests fá vinnu

Sumarátak í Mosfellsbæ

Umsóknir um sumarstörf hjá Mosfellsbæ hafa aldrei verið fleiri, en flestar umsóknirnar eru frá skólafólki á aldrinum 17 til 25 ára. Til að bregðast við þessum fjölda umsókna samþykkti bæjarráð Mosfellsbæjar á fundi þann 6. maí síðastliðinn að veita auknum fjármunum til sumarstarfa fyrir ungt fólk í bænum. Um er að ræða sérstök sumarátaksstörf sem eru hrein viðbót við hefðbundin sumarstörf hjá bænum. Með þessum hætti munu þannig allir þeir sem sóttu um innan tilskilins umsóknarfrests fá vinnu í sumar.

Starfsfólk í sumarátakinu mun meðal annars starfa við garðyrkju, sem aðstoðarfólk í leikskólum og íþróttamannvirkjum, sem aðstoðarflokkstjórar í vinnuskóla og fleira. Einnig munu ýmis félagasamtök í bænum eins og Skátafélagið Mosverjar, Rauði krossinn, Afturelding, golfklúbbar og hestamannafélög fá til sín starfsfólk í tengslum við sumarátakið. 17 ára unglingum verður boðin 75% vinna í 6 vikur og 18 ára og eldri verður boðin 75% vinna í 8 vikur.

Til viðbótar við sumarátakið auglýsti Mosfellsbær fjölda sumarstarfa í tengslum við átaksverkefni fyrir námsmenn og atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar og verður gengið frá ráðningum í þau störf á næstu dögum.

LAUGARDAGINN 5. JÚNÍ 2010. Hlaupið hefst kl 10:00 við Lágafellslaug í Mosfellsbæ. Hlaupið eru utanvega um fjöll, heiðar og dali í bæjarlandi Mosfellsbæjar og komið aftur í mark við Lágafellslaug. Leiðin verður merkt með skærlitum flöggum og spreyi á göngustígum.

Boðið verður upp á þrjár mismunandi vegalengdir.

7 tindar — 37 km	**5000 kr**
5 tindar — 34 km	**4000 kr**
3 tindar — 19 km	**3000 kr**

- Þátttakendur séu komnir að Lágafellslaug minnst 30 mín fyrir hlaup
- Skráning á staðnum frá kl: 8.00
- Frítt er í Lágafellslaug að hlaupi loknu
- Drykkjarstöðvar með orkudrykkjum og næringu verða á leiðinni
- Markið lokar kl: 16:00
- Verðlaun fyrir 3 fyrstu sæti karla og kvenna í öllum vegalengdum
- Þátttakendur eru að öllu leyti á eigin ábyrgð í hlaupinu
- Þátttakendur fá 15% afslátt í Fjallakofanum, Reykjavíkurvegi 64. Gildir 29. maí - 5. júní gegn þátttökustaðfestingu

FJALLAKOFINN www.fjallakofinn.is

Skráning og frekari upplýsingar eru á www.hlaup.is

MOSFELLSBÆR

BÆJARSTJÓRNARMÁL SNÚAST UM FÓLK

Snúum bökum saman
Kjósum breytingar

Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) *Sími: 578-6699*

VINSÆLU GRILLSPJÓTIN ERU KOMIN Í BORÐIÐ

Komið og fáið ráðleggingar fyrir sumarið

OPIÐ:
MÁN-FIM 10-19
FÖS 11:30-19

Korpufélagar verðlaunaðir á Landsþingi POWERtalk.

POWERtalk deildin í Mosfellsbæ vekur athygli

Öflugt starf Korpu

Starfið í POWERtalk deildinni Korpu, sem starfar í Mosfellsbæ, hefur vakið verðskuldaða athygli á þessu starfsári. Í vetur sigraði deildin Mælsku- og rökræðukeppni POWERtalk samtakanna á Íslandi er hún lagði fram tillögu um að kennsla í grunn- og framhaldsskólum hæfist í fyrsta lagi klukkan 10 á morgnana. Ræðumaður kvöldsins var úr röðum Mosfellinga en titilinn hlaut Lára Sif Lárusdóttir. Á nýafstöðnu Landsþingi POWERtalk sem haldið var á Hótel Sögu átti KORPA líka verðuga fulltrúa og var Þórunn Björk Pálmadóttir valin ræðumaður samtakanna eftir tvísýna og skemmtilega keppni. Þá hlaut deildin einnig viðurkenningu fyrir fjölgun félagsmanna í deildinni. Þá má geta þess að Arndís G. Bernhardsdóttir Linn Korpufélagi fékk viðurkenningu fyrir útbreiðslu og kynningarstarf í þágu samtakanna.

Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Cafe Kidda Rót

CAFE Kidda RÓT

Sími. 552-8002
kaffikiddarot.is

X - 10

Kosningavaka fyrir alla þá sem vilja fylgjast með úrslitum kosninganna í Mosfellsbæ

Opið

Laugardag
til 01:00

Eurovision kosningar
Sveitastjórnar kosningar
Cafe Kidda Rót kosningar
Tilboðs kosningar á barnum

Eurovision á stóra tjaldinu
í dúndur soundi frá kl. 19:00

Nú mæta allir í banastuði
Settu X við Cafe Kidda Rót

EUROVISION SONG CONTEST OSLO 2010 NRK

Listasalur Mosfellsbæjar

Umsóknir

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum frá myndlistarmönnum sem vilja sýna í Listasalnum á tímabilinu september 2010 – ágúst 2011

Listasalur Mosfellsbæjar er 80 fermetra fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og standa sýningar að jafnaði fjórar vikur í senn. Um er að ræða einka- og samsýningar.

Salurinn er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Listasalar Mosfellsbæjar:
mos.is/listasalur
eða hjá umsjónarmanni í síma 566-6822
netfang: listasalur@mos.is

Umsóknir um sýningar fyrir starfsárið 2010-2011 skulu berast fyrir 1. júní 2010.
Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Umsóknir skulu vera útprentaðar og vandaðar.

Umsóknir sendist til:
Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Meistaraflokkur kvenna er byggður upp á ungum heimastúlkum auk nokkurra erlendra leikmanna

Ætlum að festa okkur í sessi í efstu deild

Talsverðar breytingar eru hjá meistaraflokki kvenna frá því í fyrra. Liðið er byggt upp á ungum heimastúlkum auk þess sem fjórir erlendir leikmenn eru í leikmannahópnum. Aftureldingu var spáð falli fyrir mót en Ásgrímur Einarsson þjálfari liðsins segir að markmiðið sé að afsanna þá spá. ,,Opinber markmið okkar í sumar er að festa okkur í sessi í deildinni. Hópurinn er ungur og nauðsynlegt að tryggja sætið upp á framtíðina að gera. Við eigum einn besta 2. flokk á landinu og eiga þær stelpur eftir að láta mikið að sér kveða á komandi árum," sagði Ásgrímur.

NÆSTI HEIMALEIKUR
Afturelding - Haukar, þriðjudaginn 8. júní kl. 19:15

Afturelding tapaði fyrstu tveimur leikjunum í Pepsi-deildinni gegn Stjörnunni og KR en liðið sigraði FH örugglega 4-1 um síðustu helgi. ,,Ég er sæmilega sáttur með byrjunina. Augnabliks værukærð á móti Stjörnunni kostuðu okkur leikinn þar. Á móti KR vorum við langt frá því að vera 4 - 1 lélegri en síðan small þetta á móti FH í síðasta leik og þar sýndi liðið hvað býr í þeim. Þetta eru þeir leikir sem við verðum að vinna, þ.e. leikirnir gegn liðunum sem er spáð í neðri hlutann með okkur."

Ásgrímur tók við liði Aftureldingar síðastliðið haust og hann er ánægður með hvernig umgjörðin er í kringum liðið. ,,Ég leyfi mér að fullyrða að á fáum stöðum er haldið jafn vel utanum meistaraflokk og 2. flokk eins og hjá Aftureldingu. Þessi fjölmenni hópur sem skipar meistaraflokksráðið á heiður skilinn fyrir sín störf og mega vita það að sú störf eru vel metin. Frábært fólk þar á ferð!"

Strákunum er spáð sjöunda sæti í deildinni en drógust á móti stórliði Vals í 32-liða úrslitum í bikar

Markmiðið að vinna Val í VISA-bikarnum

Eftir fall niður í 2. deild síðastliðið haust urðu mikla breytingar hjá meistaraflokki karla. Fyrrum landsliðsmaðurinn Izudin Daði Dervic tók við þjálfun liðsins af Ólafi Ólafssyni og margir leikmenn hurfu á braut. Í þeirra stað var ákveðið að byggja liðið upp á heimamönnum og margir ungir leikmenn komu til Aftureldingar úr Hvíta riddaranum. ,

NÆSTU LEIKIR
Valur - Afturelding, fimmtudaginn 3. júní kl. 19:15.
Afturelding - KV, laugardaginn 5. júní kl. 14

,Markmiðið er fyrst og fremst að halda okkur í deildinni á þessu ári og reyna að vinna eins marga leiki og hægt er. Ef gengið verður gott, þá reynum við auðvitað að komast upp ef tækifæri gefst en aðalmarkmiðið er að halda sæti okkar," sagði Izudin Daði en Aftureldingu var spáð sjöunda sæti í spá þjálfara og fyrirliða fyrir tímabilið.

Afturelding tapaði naumlega 2-1 gegn Hetti í fyrsta leik en sigraði síðan Víði 3-1 á heimavelli fyrir viku síðan. ,,Byrjunin er ekki slæm í sjálfu sér. Við hefðum getað fengið meira út úr leiknum á móti Hetti en ég er sáttur við byrjunina."

Í VISA-bikarnum hafa strákarnir unnið Grundarfjörð og Augnablik og næstkomandi fimmtudag heimsækir Afturelding stórlið Vals á Vodafonevöllinn í leik í 32-liða úrslitum.

,Það er alltaf gaman að mæta Val, það er ekki spurning. Þetta er stærsti leikurinn okkar á þessu tímabili og maður vonast til að sjá sem flesta á vellinum að styðja strákana okkar til sigurs. Við ætlum að vinna Val, við ætlum ekki að gefa þeim leikinn," segir þjáfarinn Daði Dervic.

Hvíti Riddarinn byggir upp nýtt lið

Hvíti Riddarinn er ,,varalið Aftureldingar" þriðja árið í röð en samstarfið hefur gengið vel undanfarin ár. Í fyrra munaði hársbreidd að Riddarinn næði að komast upp úr þriðju deildinni en liðið endaði í 3.sæti. Margir leikmenn fóru í kjölfarið úr Hvíta Riddaranum í Aftureldingu en nýjir ungir leikmenn hafa tekið sæti þeirra. ,,Við stefnum á að vera um miðja deild. Við erum að byggja upp nýtt lið og það gæti tekið einhvern tíma. Við förum að sjálfsögðu í alla leiki til að vinna og við munum berjast með kjafti og klóm í sumar," sagði Matthías Svavar Alfreðsson fyrirliði Hvíta riddarans.

Aðstoðarforstöðumaður félagsmiðstöðvar

Laus er til umsóknar staða aðstoðarforstöðumanns við félagsmiðstöðina Ból í Mosfellsbæ

Helstu verkefni
Aðstoðarforstöðumaður í samvinnu við tómstundafulltrúa sér um skipulagningu og undirbúning á dag- og kvöldstarfi í félagsmiðstöðinni Ból, klúbbastarfi, námskeiðum og öðrum uppákomum, ferðum og annarri starfsemi sem fer fram á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Hann tekur einnig þátt í undirbúningi og stjórnun Vinnuskóla Mosfellsbæjar yfir sumartímann. Aðstoðarforstöðumaður er staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans.

Starfið gerir miklar kröfur um sjálfstæði í vinnubrögðum, góða skipulagshæfni og hæfni til að taka ákvarðanir. Það er mikilvægt að aðstoðarforstöðumaður búi yfir frumkvæði og geti komið með nýjar og ferskar hugmyndir, framkvæmt þær og fylgt þeimeftir.

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólamenntun í tómstunda- og félagsmálafræði, kennslufræði, uppeldis- og menntunarfræði eða sambærilegu er skilyrði
- Reynsla af starfi með ungu fólki er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum er áskilin
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð skipulagshæfni
- Góð, almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2010.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu sendar í tölvupósti til Eddu Davíðsdóttur, tómstundafulltrúa Mosfellsbæjar á netfangið edda@mos.is.

Upplýsingar um starfið veitir Edda Davíðsdóttir, tómstundafulltrúi milli kl. 10 og 12 í síma 566 6058.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Tilkynning frá yfirkjörstjórn

Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar

Kjörstaður vegna sveitarstjórnakosninganna sem fram fara þann 29. maí 2010 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 9-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 29. maí 2010 verður á sama stað.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Samfylkingin í Mosfellsbæ

Kosningaskrifstofan í Þverholti 3
er opin á kjördag frá kl. 9:00 - 22:00

Veglegt kaffihlaðborð

Akstur á kjörstað fyrir þá sem þess óska

Símar á kosningaskrifstofu:
544 2048 & 892 9988

Kosningavaka

Kosningavaka Samfylkingarinnar verður haldin á Ásláki og hefst kl. 22:00

Kosningasjónvarp á stórum skjá

Allir velkomnir!

Samfylkingin
í Mosfellsbæ

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE

Kaffidrukkinn ís
(gelato affogato al caffè)

1 espressobolli af
nýlöguðu Lavazza
Qualità Rossa kaffi
3 vanilluískúlur
2 fingurkex (ladyfingers)

Brjótið fingurkex í tvennt og
komið fyrir í desertglasi,
ískúlur þar ofan á og kældu
kaffinu hellt yfir. Et voilà!

Hversdagslegri útgáfa:

Ískúlum komið fyrir í víðum bolla
og kældu kaffinu hellt yfir.

Michael, Þuríður og Ása María planta birkiplöntum.

Græna bylgjan

Þann 21. maí gróðursettu tvö börn úr Varmárskóla tvær plöntur og tóku þar með þátt í átaki sem kallast Græna bylgjan. Átakið er á vegum Sameinuðu þjóðanna en börn út um allan heim gróðursettu einnig á sama tíma. Börnin sem gróðursettu þessar fallegu birkiplöntur í samráði við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar eru þau Michael Pétursson og Ása María Ásgeirsdóttir úr 6. SB.

Karen og félagi úr Kiwinsklúbnum Elliða.

Hlynur Bergþór keppandi í 25m sundi.

Frábær árangur í sundi

Þrjátíu ára afmælis- og vormót Aspar í sundi fór fram í Laugardalslaug sunnudaginn 16. maí. Þar voru nokkrir keppendur úr Mosfellsbæ sem stóðu sig frábærlega og setti Karen Axelsdóttir, sem keppir í skaðahóp S2, nýtt Íslandsmet í 50m baksundi og synti á tímanum 2:00,73.

Anna María, Vilborg og Sólrún Ósk taka vel á móti gestum.

Dreifingaraðilar Herbalife sameinast í Háholti 14

Heilsucenter opnar

Þann 9. apríl var formleg opnun á Heilsucenter á annarri hæð í Háholti 14. Að opnuninni standa nokkrir sjálfstæðir dreifingaraðilar Herbalife, en Heilsucenter er vettvangur fyrir dreifingaraðila til að hitta vini og viðskiptavini, funda, spjalla og ýmislegt fleira. Opnunartíminn er breytilegur og öllum velkomið að kíkja við. Ætlunin er að skapa þarna góða stemmingu og spjall á jákvæðum og uppbyggilegum nótum.
Allir geta deilt reynslu sinni, hugmyndum og fróðleik um heilbrigði og heilsu, sjálfum sér og öðrum til stuðnings og skemmtunar.

Afturelding á vormóti í öskufalli í Vestmannaeyjum

Flottar fimleikastelpur

Fimleikastelpur úr Aftureldingu unnu til þriðju og fjórðu verðlauna á vormóti Fimleikasambands Íslands í hópfimleikum. Mótið fór fram í öskufallinu í Vestamannaeyjum. Rúmlega 600 keppendur voru á mótinu þar sem keppt var í þremur flokkum. Í 5. flokki (9-12 ára) náðu stelpurnar 4. sæti. Í 4. flokki (12-15 ára) náðist 3. sæti en fyrir ofan voru fimleikastórveldin Stjarnan og Gerpla. Þessi árangur er glæsilegur og hafa miklar og strangar æfingar svo sannarlega skilað árangri. Fimleikadeildin vill óska stelpunum til hamingju með árangurinn og sérstaklega þakka frábærum þjálfurum; Þóri, Oddu, Gerðu og Ástrósu fyrir frábær störf.

Knattspyrnuakademía FMOS sett á laggirnar

Góð mæting á kynningu

Um fjörtíu knattspyrnukrakkar mættu galvaskir á opna kynningaræfingu á knattspyrnu-akademíu í FMOS sem haldin var í byrjun mánaðar. Þeir Gunnar Borgþórsson og Freyr Alexanders-son stjórnuðu æfingunni og gáfu þátttakendum forsmekk að því hvernig æfingar eru uppbyggðar í akademíunni.

Að æfingu lokinni safnaðist hópurinn saman í Brúarlandi, þáði léttar veitingar og hlustaði á stutta kynningu á hvað felst í að taka þátt í akademíunni.

Metnaður, ástundun og árangur er rauði þráðurinn í þessu námi auk þess sem forvarnir og að það vera fyrirmyndir eru einnig mikilvægir þættir. Þeir Gunnar og Freyr munu stýra akademíunni í FMOS en akademían er samstarfsverkefni FMOS, Mosfellsbæjar, Aftureldingar og Knattspyrnuakademíu Íslands.

Reiðskóli Berglindar

Reiðnámskeið

HÖRÐUR

fyrir börn og unglinga verða að Varmárbökkum í Mosfellsbæ nú í sumar eins og áður.

Námskeiðin eru í viku, þ.e. frá mánudegi til föstudags frá klukkan 9-12 eða 13-16.

Stubbanámskeið fyrir 4-6 ára
verður vikuna 12.-16. júlí

Unglinganámskeið fyrir 13-16 ára
verður vikuna 16.-20. ágúst
Námskeiðsgjald: 10.000 kr.

Nýjung!

Heilsdagsnámskeið:
-Reiðnámskeið
-Sjálfstraust og styrkur
-Leikir með hestum:
  -samskipti og liðsheild
-Þrautir og leikir
-Umhverfismennt og náttúruskoðun
-Dýrafræðsla og umönnun dýra:
  -hestar
  -hundar
  -naggrísir
  -kanínur
  -fuglar og fuglaskoðun

Á heilsdagsnámskeiðunum leggjum við áherslu á sjálfstraust, gleði og virðingu þar sem dýr, náttúra og leikir eru í öndvegi. Leiðbeinendur hafa áralanga reynslu af kennslu, reiðkennslu barna og leiðtoga- og samskiptaþjálfun.

Námskeiðsgjald á heilsdagsnámskeiði er: 20.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning í símum: 899-6972 Berglind og 897-0160 Þórhildur
Einnig er hægt að senda póst á berglind@varmarskoli.is eða thorhildur2@gmail.com

Fréttir

Ágætu Mo

Á næsta kjörtímabili mun VG meðal annar

1. Karl Tómasson

2. Bryndís Brynjarsdóttir

3. Sigurlaug Ragnarsdóttir

4. Högni Snær Hauksson

5. Ólafur Gunnarsson

6. Ingibjörg B. Ingólfsdóttir

7. Bjarki Bjarnason

8. Íris Hólm Jónsdóttir

9. Höskuldur Þráinsson

10. Jóhanna B. Magnúsdóttir

11. Jón Davíð Ragnarsson

12. Elísabet Kristjánsdóttir

13. Birgir Haraldsson

14. Gísli Ársæll Snorrason

Með fólkinu í VG Mosfellsbæ fylgir

Mikil þekking, bæði á innviðum og umhverfi sveitarfélagsins.

Vilji og geta til samstarfs.

Áreynslulaus en örugg vinnubrögð sem skila árangri.

Kosningaloforð sem hægt er að efna.

Kraftur og hugmyndir!

Staðfesta en ekki farið eftir því hvernig vindurinn blæs hverju sinni.

- AÐ LEIKSKÓLAVISTIN VERÐI ÁFRAM GJAL VERÐI AÐ ÞVÍ AÐ ÖNNUR LEIKSKÓLAGJÖL
- AÐ HUGAÐ VERÐI AÐ GJALDFRJÁLSUM SK
- AÐ UMHVERFISFRÆÐSLA Í SKÓLUM BÆJA
- AÐ BÖRN, SEM FÁST VIÐ ÍÞRÓTTIR OG AÐ FRÍSTUNDAÁVÍSANA.
- AÐ FINNA FRAMTÍÐARSVÆÐI FYRIR HESTI
- AÐ STUÐLA AÐ VIRKARA SAMSTARFI Á MI AÐILA OG ÖNNUR FYRIRTÆKI Í MOSFELLS
- AÐ TEKIÐ VERÐI MYNDARLEGA Á MÁLEFN SVEITARFÉLAGA.
- AÐ MOSFELLSBÆR SÉ Á VARÐBERGI GEG ÞEIRRA ERFIÐU TÍMA SEM RÍKJA Í ÍSLENSI BREGÐIST SKJÓTT VIÐ ÞEIM.
- AÐ UMHVERFISMÁL VERÐI Í FORGANGI HJ TIL ÞEIRRA VIÐ ALLA ÁKVARÐANATÖKU.
- AÐ SÉÐ VERÐI TIL ÞESS AÐ MOSFELLSBÆ LÁGREIST OG UMVAFIN ÓSNORTINNI NÁTT
- AÐ ÁFRAM VERÐI UNNIÐ AÐ GERÐ GÖNGU LÍNUR VERÐI DREGNAR UM ÞAÐ HVAÐ ERU
- AÐ VEITA VERÐLAUN Á HVERJU ÁRI TIL UM SKARAÐ HEFUR FRAM ÚR Á LISTASVIÐINU
- AÐ ENDURBÆTA HLÉGARÐ AÐ INNAN SEM KYNS MENNINGARSTARFSEMI, MEÐAL AN
- AÐ HALDIÐ VERÐI ÁFRAM AÐ PRÝÐA BÆIN
- AÐ SÝNA ÁFRAMHALDANDI AÐHALD OG H
- AÐ GJÖLDUM Á BÆJARBÚA VERÐI STILLT
- AÐ STOFNANIR BÆJARINS OG REKSTUR F MOSFELLSBÆJAR EN EKKI EINKAAÐILA.

VEGUR TIL

www.vgn

sfellingar!

s beita sér fyrir eftirtöldum stefnumálum:

DFRJÁLS HJÁ FIMM ÁRA BÖRNUM. STEFNT
LD VERÐI FELLD NIÐUR Í ÁFÖNGUM.

KÓLAMÁLTÍÐUM.

ARINS VERÐI STYRKT ENN FREKAR.

RA TÓMSTUNDAIÐJU, FÁI ÁFRAM STYRK Í FORMI

HÚSAHVERFI SEM ALMENN SÁTT ER UM.

LLI BÆJARINS VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU-
BÆ.

UM FATLAÐRA ÞEGAR ÞAU FÆRAST FRÁ RÍKI TIL

GN ÝMSUM BIRTINGARMYNDUM
KU SAMFÉLAGI UM ÞESSAR MUNDIR OG

JÁ BÆJARYFIRVÖLDUM OG TEKIÐ VERÐI TILLIT

ER HALDI SÍNU YFIRBRAGÐI, BYGGÐ VERÐI
TÚRU EFTIR ÞVÍ SEM KOSTUR ER.

U- OG REIÐSTÍGA Í BÆJARFÉLAGINU OG SKÝRAR
U GÖNGU-, REIÐ- OG AKSTURSLEIÐIR.

NGS EINSTAKLINGS ÚR MOSFELLSBÆ SEM
U.

M UTAN SVO HÚSIÐ NÝTIST BETUR TIL HVERS
NARS FYRIR LEIKLISTARSTARFSEMI.

NN MEÐ ÚTILISTAVERKUM.

AGSÝNI Í REKSTRI BÆJARFÉLAGSINS.

Í HÓF, EINKUM Á BARNAFJÖLSKYLDUR.

ÞEIRRA VERÐI ALFARIÐ Á VEGUM

F R A M T Í Ð A R

m o s . i s

Fréttir

Á fjölskylduskemmtun vinstri grænna skemmtu frábærir listamenn úr Motsfellsbæ.

Biggi Haralds og Íris Hólm sungu glæsilega að vanda.

Kosningavaka VG

verður á Draumakaffi
frá kl. 22 á kjördag
Allir velkomnir

X V

Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari og blaðamaður á Gestgjafanum er mikill áhugamaður um garðyrkju. Hann ræktar til að mynda allt það grænmeti sem hægt er að borða, fyrst og fremst gæðanna vegna.

Ræktar garðinn sinn

Árið 2004 keypti Úlfar Finnbjörnsson sér einbýlishús með stórum garði í mikilli órækt sem er ekki í frásögu færandi nema fyrir það að í dag er garðurinn orðinn algjört augnayndi. Handverk Úlfars má sjá hvert sem augum er litið og í garðinum má finna fuglahús, gróðurhús með þúsund lítra fiskabúri, stóra tjörn með Koi fiskum og eikartré.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

„Ég fluttist á Arnarnesið í Garðabænum um þriggja ára aldurinn og bjó þar þangað til ég varð átján ára en þá gerðist ég miðbæjarrotta í nokkur ár," segir Úlfar aðspurður um það hvar á landinu hann hafi alist upp. Á uppvaxtarárunum í Garðabæ fór mest allur tími minn í íþróttir og útiveru. Ég spilaði með Stjörnunni í handbolta og fótbolta upp í meistaraflokk en hætti þegar ég fór í framhaldsnám. Þegar ég var ekki í íþróttum var ég úti í móa eða úti í fjöru að skoða fugla og flóru. Einnig hafði ég mjög gaman af að veiða silung í Vífilsstaðavatni."

Systkinahópurinn stór

Úlfar Finnbjörnsson er fæddur í Reykjavík 14. maí 1964. Foreldrar hans eru þau Finnbjörn Þorvaldsson fyrrverandi skrifstofustjóri hjá Loftleiðum og síðar á Hótel Esju og Theódóra Steffensen fyrrverandi verslunareigandi kvenfataverslunarinnar Dídó. Hann er yngstur sjö systkina þeirra Björns flugmanns, Finnbjörns flugmanns, Þorvaldar hagfræðings, Sigríðar hárgreiðslukonu, Gunnars viðskiptafræðings og Halldóru Svölu flugfreyju.

Flott fjölskylda. Úlfar, Selma Birna, Úlfar Örn, Sigrún og hundurinn Ylfa.

Fláði og hreinsaði Lunda

„Þegar ég var sextán ára þá hjálpaði ég vini mínum uppstopparanum Jóhanni Brandssyni að flá og hreinsa lunda fyrir uppstoppun. Þetta gerði ég þrjú sumur í röð og fuglarnir voru síðan seldir í Rammagerðinni. Við áttum eðlilega alltaf til lundakjöt sem við elduðum í ansi mörg mál. Matreiðslukunnátta okkar var ekki upp á marga fiska á þessum tíma og útkoman ansi oft skrautleg. Eftir einn vonlausan lundahádegisverð lamdi ég í borðið og sagði, „Þetta gengur ekki lengur, ég ætla að læra að verða matreiðslumaður og það varð úr," segir Úlfar brosandi

Fyrirliði kokkalandsliðsins

Úlfar lærði á Hótel Esju og lauk námi frá Hótel og veitingaskóla Íslands árið 1987. Hann hefur unnið á hinum ýmsu veitingastöðum en árið 1993 tók hann við rekstri veitingastaðarins Jónatans Livingstone Mávs og rak hann í fjögur ár. Hann hefur einnig verið töluvert í veruþróun fyrir hin ýmsu fyrirtæki, lagað mat og gefið uppskriftir fyrir bæklinga, auglýsingar og umbúðir.

Úlfar hefur verið í kokkalandsliðinu í 12 ár og síðustu árin sem fyrirliði og unnið til fjölda verðlauna. Hann var kjörinn matreiðslumaður ársins árið 1994 og keppti á Ólympíuleikunum í tvígang ásamt smærri keppnum bæði erlendis og hér heima. Í dag er hann að mestu hættur að keppa og er orðinn alþjóðlegur dómari í matreiðslu.



Gefur út villibráðamatreiðslubók

Úlfar hefur gefið uppskriftir í fjölda bóka en árið 1995 gaf hann út matreiðslubókina A Taste of Iceland. Nú vinnur hann að villibráðamatreiðslubók sem kemur út fyrir næstu jól. Bókin á að spanna alla íslenska villibráð ásamt sveppum, jurtum, berjum og eggjum. Ég spyr hann út í bókina, „Ég segi það bara kokhraustur að þegar bókin kemur út þá þarf ekki að gefa út fleiri svona bækur því í þessari bók verður allt sem þú þarft að vita um villibráð og hvernig á að matreiða hana."

Lukkuleg í Mosfellsbæ

„Á miðbæjarárunum kynntist ég konunni minni Sigrúnu Hafsteinsdóttur en hún er leiðbeinandi á leikskóladeildinni í Lágafellsskóla. Við hófum sambúð, bjuggum á hinum ýmsu stöðum en keyptum okkur síðan íbúð í Grafarvoginum og bjuggum þar í sjö ár. Við eigum saman tvö börn þau Selmu Birnu fædda 1986 og Úlfar Örn fæddan 1997. Þegar húsnæðið var orðið of lítið fyrir okkur ákváðum við að leita að stærra húsnæði. Við fundum einbýlishús í Brekkulandi hér í bæ, og höfum búið hér í sex ár og erum ægilega lukkuleg."

Mikill dýravinur

„Varðandi áhugamálin þá hef ég mjög gaman af öllum veiðiskap og í dag horfi ég meira á íþróttir en að stunda þær. Allur minn frítími fer í að rækta garðinn minn og ég sé ekki eftir einni einustu mínútu sem fer í hann því þetta gefur manni svo mikið. Ég rækta meðal annars epla, peru, kirsuberja, vínberja, hindberja og sólberjatré og svo rækta ég salat og allar þær kryddjurtir sem ég kemst yfir. Rótargrænmeti og kartöflur ræktum við síðan uppi í Skammadal.

Við erum með dýradelluna stóru segir Úlfar brosandi og telur upp þau dýr sem þau fjölskyldan eiga. Við erum með hesta, tvo Husky hunda, kanínur, dúfur, fasana, lynghænur, þúsund lítra fiskabúr og Koi fiska í tjörninni í garðinum.

Lausapenni í 20 ár

„Í dag starfa ég hjá Gestgjafanum í draumastarfinu mínu sem blaðamaður og matreiðslumeistari, en ég er búinn að vera lausapenni þar í ein tuttugu ár. Einnig vinn ég þar sem veitingahúsarýnir.

Það er ekki hægt annað en að spyrja matreiðslumeistarann að lokum hver sé uppáhaldsmaturinn hans og það stóð ekki á svari, „Ýsa með glænýjum kartöflum og einhverju gómsætu grænmeti úr garðinum, það toppar það ekkert."

Myndir: Ruth Örnólfs, Gunnar Þór Nílsen og úr einkasafni.

MOSFELLSBÆR

SUMAR 2010

SUMARNÁMSKEIÐ

fyrir börn og unglinga

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐ Á MOS.IS

MYNDLISTARSKÓLI MOSFELLSBÆJAR
Námskeið fyrir börn og fullorðna nánari upplýsingar myndmos@heimsnet.is / 663-5160.

SUNDNÁMSKEIÐ
Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju. Uppl. í íþróttamiðstöðinni s. 566-6754.

DREKAÆVINTÝRI TAEKWONDO DEILDAR
Skráning fer fram á taekwondo@afturelding.is

SKÓLAGARÐAR
Uppl. bolid@mos.is

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ
Matreiðslunámskeið fyrir hressa krakka á aldrinum 7-14 ára í sumar. Skráning í síma 512-3383 eða á namskeid@syni.is

SUND- OG LEIKJANÁMSKEIÐ Í LÁGAFELLI
Hefjast mánudaginn 8. júní. Fyrir börn fædd 2001-2004. Upplýsingar og skráning í síma 517-6080.

FRJÁLSÍÞRÓTTANÁMSKEIÐ GOGGA GALVASKA
Námskeið fyrir 6 til 8 ára börn á Varmárvelli 1. júní-27. júní. Tvisvar í viku frá kl 16-17. Skráning frjalsar@afturelding.is

REIÐSKÓLI BERGLINDAR
Skráning hefst 10. maí. Tekið er við skráningum eftir kl. 16 á daginn í símum 899-6972. Einnig er hægt að senda skráninguna á netfangið berglind@varmarskoli.is.

GOLFNÁMSKEIÐ
Golfklúbburinn Kjölur verður með nokkur námskeið í sumar. Skráning 566-7415 og á gkj@gkj.is

GOLFNÁMSKEIÐ
Golfklúbbur Bakkakots verður með nokkur námskeið í sumar. Nánari uppl. í 566-8480 og gobskalinn@simnet.is.

REIÐSKÓLINN VINDHÓLL
Reiðnámskeiðin eru í eina viku í senn allan daginn frá 9-16 heitur matur í hádeginu. Nánari upplýsingar Önnu Báru í síma 861-4186 skráningar hefjast sumardaginn fyrsta. Pollanámskeið verða 9.-20. ágúst.

RAUÐI KROSSINN
Rauði krossinn verður með námskeið í sumar, Börn og umhverfi, mannúð og menning. Nánari upplýsingar um námskeiðin: kjos@redcross.is. Skráning fer fram á síðunni www.raudikrossinn.is/kjos

VINNUSKÓLI MOSFELLSBÆJAR
Upplýsingar: bolid@mos.is

FRJÁLSÍÞRÓTTANÁMSKEIÐ UMFÍ FRJÁLSÍÞRÓTTASKÓLINN
Nánari upplýsingar www.umfi.is og í síma 568-2929.

HANDBOLTASKÓLI AFTURELDINGAR
Handknattleiksdeild UMFA verður með handboltaskóla sem hefst 9.-20. ágúst. Upplýsingar og skráning hjá Sigrúnu Másdóttur. Sími: 820-0802. Netfang: sigrunmas@gmail.com

SUMARLESTUR
Sumarlestur fyrir börn fædd 2000 , 2001 og 2002 á Bókasafni Mosfellsbæjar. Hefst 1. júní og stendur til 20. ágúst. Þemað er fuglar.

KNATTSPYRNUNÁMSKEIÐ AFTURELDINGAR
Afturelding verðu með námskeið fyrir krakka fædda '96-04. Upplýsingar: Bjarki 698-6621.

LEIKJANÁMSKEIÐ ÍTOM
Íþrótta- og tómstundaskóli Mosfellsbæjar verður með fjögur námskeið í sumar. Uppl. í íþróttamiðstöðinni að Varmá í s: 566-6754. Skráning hefst 22. apríl.

SUMARNÁMSKEIÐ TÓMSTUNDASKÓLANS
Ljósmynda-, stuttmynda-, brúðuleikhús-, krakkajóga-, myndlistarnámskeið og margt fl. Nánari upplýsingar og skráningar eru á www.tomstundaskolinn.is

HREYSTINÁMSKEIÐ ELDINGAR
Námskeið fyrir stelpur og stráka á aldrinum 10-13 ára. Nánari upplýsingar hjá Höllu í síma 897-0108

ÆVINTÝRA- OG ÚTIVISTAR-NÁMSKEIÐ MOSVERJA
Námskeiðin eru tilvalin fyrir hressa krakka sem vilja fara í alvöru ævintýri í sumar. Nánari upplýsingar Inga@mosverjar.is og í síma 823- 8089.

www.mos.is

Fjölskyldu- og afmælishátíð

Samfylkingin varð 10 ára nú í byrjun maí og var haldið upp á daginn í Mosó með fjölskylduskemmtun á Miðbæjartorginu. Felix Bergson var kynnir að sinni alkunni snilld. Hljómsveitin THE 59's hélt uppi stuðinu, Lalli töframaður sýndi galdraatriði og Mosfellskórinn söng ljúfa tóna. Börnin fengu andlitsmálun og skemmtu sér í hoppukastalanum. Frambjóðendur stóðu við grillið og grilluðu pylsur og ræddu bæjarmálin.

Benedikt Erlings á Gljúfrasteini

Benedikt Erlingsson fjallar um leikgerð Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni sunnudaginn 30. maí.

Íslandsklukkan í leikgerð Benedikts var frumsýnd 22. apríl síðastliðinn. Hún er sett upp í tilefni af sextíu ára afmæli Þjóðleikhússins, en verkið var eitt af þremur opnunarsýningum leikhússins árið 1950.

55. þing Lionshreyfingarinnar á Íslandi var haldið dagana 14.-15. maí

Glæsilegt Lionsþing í Mosfellsbæ

Lionshreyfingin á Íslandi hélt 55. þing sitt í Mosfellsbæ dagana 14.-15. maí. Þingið og skólar því tengdir voru haldnir í Lágafellsskóla og íþróttahúsinu við skólann þar sem svonefnt fjölumdæmisþing var haldið seinni þingdaginn. Það voru klúbbarnir í Mosfellsbæ, Lionsklúbburinn Úa og Lionsklúbbur Mosfellsbæjar sem stóðu að þinghaldinu og öllum undirbúningi.

Þingið fór fram í íþróttahúsinu að Lágafelli.

Mikil skipulagning

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar hefur áður staðið fyrir Lionsþingum, árin 1992 og 2000 þannig að þar á bæ var því reynsla af þinghaldi fyrir hendi en þessir alvönu menn kváðust hæstánægðir með aðkomu kvennanna í Lionsklúbbnum Úu enda sáu konurnar að mestu um alla matseld á meðan karlarnir báru borð og stóla. Guðjón í Ístex og Siggi Píp sáu að vísu um að grilla ca. 40 lambalæri ofan í mannskapinn í hádeginu á föstudag og fóru létt með það. Formaður þingnefndar var Magnús Sigsteinsson á Blikastöðum og stjórnaði hann Lionsliði sínu af festu við allan undirbúning og framkvæmd þinghaldsins.

Kristinn fjölumdæmisstjóri

Á þinginu var Kristinn Hannesson félagi í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar kjörinn fjölumdæmisstjóri Lions á Íslandi og þar með æðsti maður hreyfingarinnar hér á landi. Kristinn hefur allt frá því að hann gekk í Lions árið 1986 verið einn ötulasti liðsmaður hreyfingarinnar og jafnt og þétt áunnið sér þann virðingarsess sem hann nú skipar.

Lionsmenn og konur í Mosfellsbæ bera sérstakt lof á alla aðstöðu og aðstoð bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ, sem létu þeim í té húsnæði Lágafellsskóla og íþróttahúsið til fullra afnota þingdagana.

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKODA ST 4X2
Nýr bíll, sjálfsk, til í nokkrum litum og tveimur stærðum, Geislaspilari, Tengi fyrir MP3/iPOD, Loftkæling. Verð frá aðeins **1999 þús. kr án VSK.**

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

FORD F150 CREW CAB 4X4 PLATINUM, Nýr bíll 2010 módel. Þessi bíll er dýrasta týpa og mjög hlaðinn aukabúnaði. **Verð 9890 þús kr.** Bíllinn er í salnum hjá okkur.

100bilar

ÍSBAND BÍLAINNFLUTNINGUR

Tilvonandi nemendur eignast skólavin úr 6. bekk

Skólaheimsókn í Lágafellsskóla

Í síðustu viku var tilvonandi 1. bekkingum við Lágafellsskóla boðið í skólaheimsókn. Í heimsókninni eignuðust væntanlegir 1. bekkingar skólavin sem verður nemandi í 6. bekk á næsti ári. Megin verkefni skólavina er fyrir þau eldri að sýna fyrirmynd og ábyrgð sem og að styðja þau yngri í sinni skólabyrjun, fyrir þau yngri að finna fyrir vináttu og hlýhug þeirra eldri sem veita fúslega og af mikilli ábyrgð þá aðstoð sem er svo mikilvæg fyrir unga nemendur sem eru að hefja grunnskólagöngu sína. Eldri skólavinirnir gáfu þeim yngri vinaband sem tákn um vináttuna og skólabol merktum Lágafellsskóla með einkunnarorðum skólans sem eru; Samvinna, Samvera og Samkennd.

Heimsóknin var sérlega skemmtileg og allir ánægðir með sitt nýja hlutverk að vera skólavinur.

Þú hefur val !

Íbúahreyfingin
í Mosfellsbæ

Nýtt ísland hefst í heimabyggð ! xM

www.ibuahreyfingin.is ibuahreyfingin@ibuahreyfingin.is Við erum á Facebook

Í túninu HEIMA

27. - 29. ágúst

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar

Viltu taka þátt?

Bæjarhátíðin Í túninu heima verður haldin dagana 27. - 29. ágúst n.k.

Ef þú vilt taka þátt í bæjarhátíðinni á einhvern hátt þá endilega hafðu samband við undirbúningsnefnd sem allra fyrst. Hátíðin verðu með svipuðu sniði og undanfarin ár. Allir sem hafa upp á eitthvað skemmtilegt að bjóða eru hvattir til að taka þátt í hátíðinni.

Áhugasamir hafi samband við Daða Þór Einarsson sem fyrst.
e-mail: dadithor@internet.is - s. 6639225

Sjáumst á vellinum í sumar

Nú þegar grasið er orðið grænt á okkar glæsilega Varmárvelli er alveg klárt að fótboltasumarið er komið á fljúgandi ferð. Glæsilegir sigrar beggja meistaraflokkanna um síðustu helgi, að viðstöddum fjölda áhorfenda, gefa vonandi vísbendingu um skemmtilegt tímabil framundan hjá okkur. Úrvalsdeildarlið meistaraflokks kvenna teflir fram Aftureldingarstúlkum allt niður í 14 ára gömlum, sem hafa þegar sett mark sitt á leikinn, en nokkrar erlendar stúlkur styrkja okkar unga lið í sumar. Meistaraflokkur karla er að mestu skipaður leikmönnum uppöldum hjá félaginu og fer vel af stað. Það má því búast við að það verði aldrei skemmtilegra á Varmárvelli en einmitt í sumar. Fjölmennum á völlinn í sumar og hvetjum fábæru liðin okkar. Ég mæti á völlinn, en þú???

Áfram Afturelding

Hanna Símonar
„ungfrú Afturelding.is"

Næstu heimaleikir á Varmárvelli

Fim. 27. maí 19:15. Pepsi-deild kvk
Afturelding - Grindavík

Lau. 5. jún 14. 2. deild kk
Afturelding - KV

Þri. 8. jún 19:15. Pepsi-deild kvk
Afturelding - Haukar

Fös. 25. jún 20. 2. deild kk
Afturelding - Völsungur

Er bæjarstjórinn Haraldur Sverrisson sekur eða saklaus?

Vegna umfjöllunar um lóðasölu í landi Hulduhóla og bókunar bæjarráðs á 958. fundi sínum þann 19. nóvember 2009 þar sem fyrir lágu gögn sem bæjarráð hafði haft til umfjöllunar í þrjá mánuði er rétt að vekja athygli á eftirfarandi atvikaröð málsins.

Byggingarfulltrúi skiptir upp lóð í eigu Mosfellsbæjar að Hulduhólum, án samþykkis bæjarstjórnar, með þeim hætti að hann fellir niður gildandi lóðaleigusamning og gerir í staðinn fjóra nýja lóðaleigusamninga.

Núverandi bæjarstjóri Haraldur Sverrisson fær þá einn af þessum fjórum lóðaleigusamningum, en honum sem bæjarfulltrúa átti að vera ljóst að ekki var staðið rétt að gerð hans þar sem ekk lá fyrir samþykki bæjarstjórnar.

Á þeim tíma sem þetta er að gerast situr hreinn meirihluti sjálfstæðismanna við völd í bæjarfélaginu og ber flokkurinn því alla pólitíska ábyrgð á málinu.

Um sama leyti og byggingarfulltrúi gerir, án samþykkis bæjarstjórnar, fjóra lóðaleigusamninga, fer í gang vinna í bæjarráði og bæjarstjórn við gerð á reglum um það með hvaða hætti lóðaleiguhafar mega ráðstafa leigulóðum sínum. Þessari vinnu lauk ekki fyrr en um einu ári seinna eða um ári eftir að byggingarfulltrúi breytir lóðaleigusamningum á Hulduhólalandinu. Allan þann tíma sátu aðrir lóðaleiguhafar, svo sem í landi Hamrafells, ekki við sama borð og lóðaleiguhafi Hulduhóla og fengu ekki leyfi til að ráðstafa lóðum í eigu Mosfellsbæjar sem þeir höfu á leigu með sama hætti.

Á þessum tíma var Haraldur Sverrisson formaður bæjarráðs og formaður skipulags- og byggingarnefndar og tekur sem slíkur þátt í þessari vinnu án þess að gera viðvart um að ranglega hafi verið staðið að málum!

Að lokinni skoðun bæjarráðs á fyrirliggjandi gögnum kemst bæjarráð að þeirri niðurstöðu, á nefndum 958. fundi sínum, að ekki hafi verið rétt staðið að málum, en ákveður þrátt fyrir það að aðhafast ekkert í málinu. **Nei aðhafast ekkert! Það hafði enginn hagnast um 148 milljónir!**

Þá vekur það athygli að þegar samþykkt bæjarráðs er tekin fyrir á bæjarstjórnarfundi, þá staðfestir bæjarstjórinn Haraldur Sverrisson bókunina með atkvæði sínu, þrátt fyrir að hann hafi haft beina hagsmuni af málinu!

Ágætu bæjarbúar,

Er þetta hin skilvirka, gegnsæja og lýðræðislega stjórnsýsla sem Sjálfstæðisflokkurinn er að boða?

Getum við treyst þessu fólki fyrir rekstri bæjarfélagsins okkar?

Hvað gengur meirihlutanum, undir forystu Sjálfstæðismanna, til með að breiða yfir málið?

Af hverju taka Vinstri Grænir og Samfylkingin þátt í þessu?

Af hverju axlar enginn ábyrgð?

Páll Kristjánsson
íbúi í Mosfellsbæ

Hugsum vel um okkar fólk

Við Mosfellingar höfum verið svo lánsöm að eiga góða menningu sem aðrir öfunda okkur af, bærinn hefur verið lítill svo við þekkjumst innbyrðis og afkomendur okkar skila sér oft aftur tilbaka eftir menntun. Þetta fólk hefur margt verið að koma sér upp heimilum og hafa því miður lent í þrengingum eða misst atvinnu sína. Þess vegna er mikilvægt að við sameinumst um að byggja okkur upp innan frá og styrkja stöðu okkar íbúa.

Velferðarmál eru ein af skilyrðum fyrir góðum lífsgæðum íbúa bæjarins. Við verðum að bjóða upp á góða skóla, hafa sérkennslu og aðra grunnþjónustu til staðar í skólum bæjarins. Það eru lágmarks mannréttindi barnanna okkar að fá þá þjónustu sem þeim ber.

Nauðsynlegt er að félagsleg þjónusta við íbúa Mosfellsbæjar sé sterk og geti tekið á mót þeim einstaklingum og fjölskyldum sem þurfa á aðstoð að halda þegar þrengir að. Við verðum að hafa þjónustuna á þann hátt að fólk veigri sér ekki við að fá aðstoð. Við getum boðið fólki upp á kynningu þeirra úrræða sem eru í boði og kynnt starfsfólkið sem þjónustufulltrúa bæjarbúa. Við viljum ekki að fólkið okkar falli í fátæktargryfjuna því henni fylgja oft miklir erfiðleikar eins og félagsleg einangrun, depurð og stundum alvarlegri fylgikvillar.

Atvinnumál er nauðsynlegt að byggja upp því menning okkar íslendinga er byggð á stolti á að hafa vinnu. Einnig er mikilvægt að halda vel utan um þá sem hafa misst vinnuna með því að byggja þá upp andlega og bjóða þeim upp á atvinnuskapandi verkefni. Í okkar samfélagi er mikilvægt að örva atvinnuuppbyggingu hvort sem það eru sveitarfélög eða ríkið sem kemur að málinu. Við verðum öll að standa saman á bak við íbúana. Sveitarfélög og ríkið eiga að geta komið sterkar inn með hvatningu til framkvæmda og minnkun á uppsögnum því fólki sem er sagt upp fer oft beint í hinn vasann hjá ríkinu.

Nauðsynlegt er að við jöfnum aðstöðumun í okkar samfélagi hættum að spara á öfugum enda og skera niður í láglaunastörfum. Það þarf að skera niður ofan frá skera niður í æðstu stöðum og minnka launamun á milli æðstu stjórnenda og þeirra sem lægstu laun hafa.

Bæjarstjórinn þarf ekki að vera á forsætisráðherralaunum, hann getur sætt sig við að hafa lægri laun því fólk má þakka fyrir að fá að stjórna bæjarfélagi.

Lýðræði verður að virka og stjórnmálamenn verða að bera virðingu fyrir því sem íbúar hafa að segja þar liggur aðhaldið og eftirfylgnin.

Því miður hefur lýðræði ekki verið virt í okkar bæjarfélagi, ekki hefur verið hlustað á íbúa bæjarins þegar þeir hafa spyrnt við ákvörðun bæjarstjórnar. Við viljum að íbúar fái að kjósa um stór málefni og geti komið með sínar tillögur til bæjarstjórnar á minni málum.

Nú er tími til að taka til og setja ný vinnubrögð í forgang eftir kosningar.

Bryndís Bjarnarson
er í 2. sæti á lista Framsóknar XB

Komdu út að skokka

Þann 13. apríl síðastliðinn hóf hlaupahópurinn Mosóskokk aftur starfsemi sína eftir smá „vetrar" pásu. Margir mættu til leiks bæði vanir hlauparar sem og fólk sem var að byrja hlaupaferilinn sinn. Mæting fór fram úr björtustu vonum og er það ánægjuefni hvað fólk hér í Mosfellsbæ er meðvitað um hvað það skiptir miklu máli að huga að andlegri og líkamlegri heilsu sinni. Eftir að við fórum af stað í vor hefur mikið verið spurt um sérstakan hóp fyrir þá sem vilja fara hægar af stað. Því höfum við ákveðið að bjóða upp á sérstakan hóp fyrir byrjendur sem hafst þriðjudaginn 1. júni og verða tímarnir tvisvar í viku á saman tíma og Mosóskokk eða á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:30 - 18:30. Lögð verður áhersla á að fara 3 - 5 km í hvert sinn, hlaupandi eða hlaupandi og gangandi á víxl auk styrktaræfinga. Að vera í hlaupahóp gefur okkur gott aðhald og þar myndast alveg einstök stemming þannig að við gerum allt til þess að missa ekki úr tíma sem hefur þau áhrif að okkur fer stöðugt fram, því regluleg og markviss þjálfun kemur okkur í betra þolform og við verðum ánægðari með lífið og tilveruna. Og hver vill það ekki?

Það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig. Sjáumst þriðjudaginn 1. júní í World Class í Lækjarhlíð

Hlaupakveðja, Halla Karen og Sesselja

Sannleikurinn um Hulduhólamálið

Viljirðu svívirða saklausan mann,
segð'engar ákveðnar skammir um hann.
Láttu það svona í veðri vaka,
að þú vitir hann hafi unnið til saka.

Þessi vísa er mér ofarlega í huga og er ástæðan sú að verið er að svívirða Harald Sverrisson bæjarstjóra samstarfsmann minn að ósekju. Pólitískir andstæðingar reyna að gera það tortryggilegt að móðir Haraldar, Steinunn Marteinsdóttir, seldi lóðir úr landspildu sinni að Hulduhólum.

Foreldrar Haraldar, keyptu jörðina Hulduhóla árið 1969. Landið var alls 28 hektarar og náði frá Vesturlandsvegi niður að sjó. Mosfellsbær leysti til sín 24 hektara svo byggja mætti Höfða- og Hlíðahverfi. Árið 2000 var lagt til að skipulagðar yrðu 30 lóðir. Í framhaldi af því ákvað Mosfellsbær að deiliskipuleggja land Hamrafells, Hjallabrekku, Láguhlíðar og Hulduhóla og tók deiliskipulagið gildi 29. apríl 2005.

Fjórum árum eftir að deiliskipulagið tók gildi, gerði fulltrúi Framsóknarflokksins athugasemdir við deiliskipulagsferlið. DV birti einhliða frétt um málið og þegar Haraldur leiðrétti rangfærslurnar, neyddist DV til að draga fréttina til baka og birti ítarlegar leiðréttingar og baðst blaðamaðurinn afsökunar. Ítrekað hefur Framsókn notað röngu fréttina án þess að skeyta um leiðréttingarnar.

Óskaði Haraldur sjálfur eftir því að safnað yrði saman gögnum um málið og var bæjarráði falin skoðun málsins. Bæjarráð, skipað fulltrúum VG, Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks ásamt áheyrnarfulltrúa Framsóknarflokksins fór yfir málið lið fyrir lið.

Skoðun okkar leiddi í ljós að farið var að vinna eftir skipulagi sem samþykkt hafði verið samhljóða í bæjarstjórn, áður en það hafði formlega tekið gildi. Ferli við uppskiptinguna var ábótavant. Skaðinn var enginn fyrir Mosfellsbæ og málsaðilar höfðu ekki af því ávinning nema síður sé. Það sem reynt er að gera tortryggilegt snýst um tímasetningu, ekki hagnaðarvon og voru fulltrúar allra flokka sammála um að skoðun væri lokið. Þess bera að geta að Haraldur vék alltaf af fundum þegar málið var til umfjöllunar og tók ekki þátt í umræðu um það.

Annað mál hefur einnig verið til umfjöllunar, en það eru dylgjur um tengsl Haraldar við Alefli ehf. Mér er gróflega misboðið þar sem ég veit betur og tel mér því bæði rétt og skylt að koma hinu sanna á framfæri.

Með öllum atkvæðum var samþykkt í bæjarráði í ágúst 2005 að úthluta Alefli lóð í miðbænum að fenginni umsögn skipulags- og byggingarnefndar sem veitti jákvæða umsögn samhljóða. Lóð Aleflis í Krikahverfi var dregin út að viðstöddum öllum fulltrúum í bæjarráði og því átta ég mig ekki á því hvernig kjörnum fulltrúum sem vita betur dettur í hug að láta eins og það hafi verið vinagreiði.

Sama má segja um leiguhúsnæði sem sjálfstæðisfélagið leigir af Alefli, en um er að ræða hefðbundna leigu sem félagið greiðir mánaðarlega líkt og aðrir leigjendur í húsinu.

Haraldur og eiginkona hans ákváðu að byggja hús og fengu tilboð í verkið. Alefli hlaut verkið.

Reifarasaga Framsóknar er vissulega krassandi, en ég vona að fólk átti sig á því að hún er skáldskapur einn.

Ég á bágt með að þola að ráðist sé á samstarfsmann minn og fjölskyldu með þessum hætti. Öllu réttsýnu fólki hlýtur að vera misboðið. Ég gat að minnsta kosti ekki lengur á mér setið.

Herdís Sigurjónsdóttir
formaður bæjarráðs

„Hann er í flokknum“

1. Lóðir fráteknar af Kaupfélagsveldi og tengslaneti Sjálfstæðisflokks útiloka blómlegan miðbæ. Áform um blokkir setja framhaldsskólann út á kant. „Sú lóð hentar ekki sem blokkarlóð vegna umferðar“ samkvæmt formanni skipulagsnefndar.

2. Fyrir síðustu kosningar voru stofnuð íbúa- og umhverfissamtök. VG og Sjálfstæðisflokkur hunsuðu fjölmenna fundi þeirra. Forseti bæjarstjórnar er í „grænum“ flokki en barátta gegn samtökunum varð hans eini pólitíski metnaður.

3. Sonur fyrrum bæjarfulltrúa stofnar byggingafyrirtæki. Kaupir húsnæði í miðbænum og leigir Sjálfstæðislokknum. Fyrirtækið fær aðra lóð. Þær eru endurskilgreindar sem blokkarlóðir og eru þá verðmætari. Það byggir nú hús fyrir bæjarstjórann.

4. Íhaldið mannar stjórnir félaga. Í tvígang voru sendir stjórnarmenn þess í stjórn Varmársamtakanna. Þeir ásamt fyrrum formanni VG reyndu yfirtöku á samtökunum. Þegar það mistókst voru stofnuð ný umhverfissamtök af flokkunum tveimur.

5. Í sögunni af tollheimtumanni og farísea segir: „Því að hver sem upphefur sjálfan sig mun auðmýktur verða“. Sjálfstæðismenn telja sig beintengda kristindómi og vilja ekki íbúakosningu um kirkjutilhögun. Formaður sóknarnefndar er fyrrum bæjarfulltrúi.

6. Flokkstengsl tryggja fyrirgreiðslu. „Góðu“ umhverfissamtökin fá fuglahús fyrir margar milljónir. Skátar fá 37 milljónir í stikumerkingar. „Vondu“ samtökin fá ekki smá stuðning fyrir aðstöðu á útimarkað. Frumkvöðull um merkingar á fellin er útilokaður.

7. Lóðaeftirspurn var meira en mettuð. Græðgin var hömlulaus. Eigendur Leirvogstungu vildu vera með og þar bjó bæjarstjórinn. Hverfið komst framar í skipulagi og lóðir í sölu. Ágóði af sex lóðum bæjarstjóra var metinn 100 milljónir.

8. Fyrir síðustu kosningar taldi fulltrúi VG það hið stærsta umhverfisslys ef tengibraut færi um Álafosskvos. Hann undirritaði þó samkomulag um meirihluta með íhaldi á sama degi og gengið var frá samningi við verktakann. Með því var aðkoma íbúa útilokuð.

9. Meira en helmingur íbúa óskaði, með undirskrift, að aðallaug bæjarins yrði að Varmá. Í tengslum við íþróttaaðstöðu, útivistarsvæði og göngustíga. En Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að byggja nýja laug í íbúahverfi þar sem flestir bæjarfulltrúarnir búa.

10. Foreldrafélag Varmárskóla lýsti áhyggjum af lagningu tengibrautar um skóla- og íþróttasvæði. Foreldrar voru hvattir í tölvupósti að hafa skoðanir á málinu. Formaður fékk tiltal skólastjóra og bæjaryfirvalda. Sagður misnota netföng og misskilja.

11. Að tjá sig opinberlega getur haft afleiðingar. Ef þú ert í framkvæmdum er vissara að vera þægur. Nýju hverfin runnu í gegnum skipulag, en öllum framkvæmdum í Álafosskvos haldið í gíslingu þar til samþykkt hafði verið skipulag með tengibraut.

12. Varmársamtökin héldu fjölmenna hljómleika með Sigurrós og fleirum. Ágóða átti m.a. að nota í samanburð á valkostum við lagningu Helgafellsvegar. En verkfræðistofu var stillt upp við vegg. Bærinn hótaði uppsögn á verkefnum ef unnið væri fyrir samtökin.

13. Mikil andstaða var í hestamanna- og hesthúseigendafélaginu við lagningu Tunguvegar sem að girðir af hesthúsahverfið. En ketill féll í eld. Ekki styggja bæjaryfirvöld frá stuðningi við reiðhöll og námskeiðahald. Það borgar sig ekki að vera með „vandræði“.

14. Bæjarstjórinn hefur verið sakaður um lóðabrask tengt yfirtöku og greiðslum vegna leigulands til fjölskyldu hans. Sjálfstæðisflokkur virðist hafa verið beggja vegna borðs í þenslunni fyrir hrun. Hagsmunir fjármagns, flokks og verktaka varð ein spilaborg.

Vilt þú viðhalda flokksræði í bænum okkar?

Gunnlaugur B. Ólafsson, kennari

Álafossvegur 27 - sími 566 8030

Þökkum hlýjar
og góðar móttökur

þar sem fossinn niðar í eyrum gesta
og vertarnir gera alltaf sitt besta

Verið velkomin

Hvað skiptir máli við kjörborðið?

Skiptir máli að við vinstri græn höfðum ekkert með hrunið að gera?
Skiptir máli að þingflokkur vinstri grænna varaði ítrekað við því að útrásarfylliríið gengi ekki upp?
Skiptir máli að vinstri græn vilja að stofnanir sveitarfélaga séu í þeirra eigu?
Skiptir máli að þjónusta við bæjarbúa sé sem mest á ábyrgð sveitarfélagsins?
Skiptir máli að hægt sé að kalla bæjarfulltrúa til ábyrgðar ef rekstur bæjarins og stofnana hans er ekki í lagi?
Skiptir máli að heildarhagsmunir Mosfellinga ráði för en ekki hagsmunir þrýstihópa?
Skiptir grænt bókhald bæjarins máli, svo og vistvæn umhverfisstefna?
Skiptir það máli að á samdráttartímum sé sérstaklega hugað að þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu?

Núna, þegar mörgum finnst stjórnmál leiðinleg og vilja helst ekki koma nálægt þeim, er eðlilegt að ýmsar spurningar vakni. Mér finnst að allar spurningarnar hér að ofan skipti máli. Margt af því snýst um það hvernig farið er með þá fjármuni sem við greiðum í bæjarsjóð, hvernig við hugsum um börnin okkar og hvernig við fylgjum unglingunum eftir á þeirra þroskabraut. Varðveita þarf okkar nánasta umhverfi sem best og sjálfbær þróun er verkefni sem þarf að takast á við.

Það er gaman að taka þátt í stjórnmálum þegar eitthvað af því sem maður hefur áhuga á þokast í rétta átt. Sveitarstjórnarmál skipta máli.

Ólafur Gunnarsson,
formaður VG í Mosfellsbæ

Hvað skiptir þig mestu máli?

Næstkomandi laugardag munt þú bæjarbúi góður ganga að kjörborðinu og kjósa þér nýja bæjarstjórn. Þitt atkvæði hefur áhrif á hvernig samfélagið þróast næstu fjögur árin.

Sveitarstjórnarmál snúast um nærsamfélag

Í því samhengi er ágætt að spyrja sig þeirrar spurningar hvað skiptir mestu máli? Er það fjölskyldan, velferð ættingja og vina, atvinnan, umhverfið, fellihýsið, jeppinn eða eitthvað allt annað? Það skiptir máli að næg atvinna sé til staðar því öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðarinnar. Það skiptir máli að í skólum og leikskólum séu gæði tryggð með því að leggja meiri áherslu á mannauð en steypu. Það skiptir máli hvernig stuðning þeir fá sem að glíma við atvinnuleysi eða aðrar afleiðingar þess hruns sem orðið hefur. Það skiptir máli að vandlega verði staðið að yfirfærslu málefna fatlaðs fólks og aldraðra. Það skiptir máli að öryggismál séu í lagi í bæjarfélaginu þannig að börnum stafi til dæmis ekki hætta af opnum byggingagrunnum sem eru minnisvarðar um samfélag sem fór fram úr sér og græðgishyggju. Það skiptir máli að umhverfið sé fallegt og að hver íbúi eigi sama aðgengi að þjónustu bæjarins.

Fagleg stjórnsýsla sem hefur hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi

Það eru sérstakir tímar og sérstakar kosningar. Það er tími forgangsröðunar og sparnaðar. Núna eru tímar ferskra vinda, breytinga og tækifæri til þess að hugsa samfélagið okkar upp á nýtt. Eitt af því sem þarf að taka í gegn er hvernig stjórnsýslan virkar. Með því að ráða ópólitíska bæjarstjóra er strax stigið stórt skref að mínu mati í átt að faglegri og betri stjórnsýslu. Það þarf að aðgreina á milli valds kjörinna fulltrúa og framkvæmdarvaldsins. Einnig er mikilvægt að vinna þau samfélagslegu verkefni sem vinna þarf með samvinnuna að leiðarljósi. Bæta þarf aðkomu bæjarbúa að ákvörðunum. Leiðir að því markmiði eru til dæmis að auka upplýsingaflæðið með skýrum, aðgengilegum fundargerðum, með því að 25% íbúa bæjarins geti kallað eftir kosningu um hitamál og með því að kanna afstöðu bæjarbúa til stórra ákvarðana með reglulegum könnunum. Stjórnsýslan þarf að vinna faglega sem felst meðal annars í því að vinnan sé gagnsæ, skilvirk, leitað sé til viðeigandi sérfræðinga hverju sinni, virkt eftirlit sé, gott verklag, siðferði og hagsmunir heildarinnar ávallt hafðir að leiðarljósi. Framsóknarflokkurinn hefur fyrstu stjórnmálaflokka lagt drög að siðareglum sem flokksmönnum ber að fara eftir í störfum sínum.

Við viljum vinna fyrir þig! Frambjóðendur hafa víðtæka reynslu af ólíkum málaflokkum sem munu nýtast stjórnsýslu bæjarins vel en við leggjum einnig mikla áherslu á að þú getir haft áhrif á hvernig við vinnum og einnig að leitað verði til viðeigandi sérfræðinga þegar þörf er á til þess að skattfé þínu verði vel varið og Mosfellsbær samfélag sem öllum bæjarbúum líður vel í.

Ég hvet þig til þess að setja X við B á laugardag og kjósa Breytingar!

Kristbjörg Þórisdóttir,
skipar 12. sæti á lista Framsóknar

Vegna fréttar í Mosfellsfréttum framsóknarmanna

Í Mosfellsfréttum, málgagni Framsóknarfélags Mosfellsbæjar, 2. tbl. maí 2010 , er byggingafyrirtækið Alefli dregið inn í pólitíska umræðu og gert tortryggilegt með óviðeigandi og meiðandi hætti. Vissulega rennur framsóknamönnum kapp í kinn svona í aðdraganda kosninga og er fullur skilningur fyrir þeirri örvæntingu sem endurspeglast í áður tilvitnuðum skrifum. Víst má vera að sannleikurinn sé dýrastur dyggða og því sé búmannsdyggð að fara sparlega með hann. Ef Framsóknarflokkurinn hefur einhvern áhuga á að láta kjósendur taka sig alvarlega þá er það ekki gert með skrumskælingu á sannleikanum eins og háttur grínframboða virðist vera með tilheyrandi populisma.

Gefið er í skyn að Alefli hafi óhreint mjöl í sínu pokahorni og fléttur og samsæriskenningar eru smíðaðar á grundvelli rangra og skrumskældra staðhæfinga og hálfsannleika. Þessi grein er fyrst og fremst atlaga að bæjarstjóra Mosfellsbæjar. Alefli er í aukahlutverki. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri er mikið meira en maður til að glíma við þessa póltísku andstæðinga sína og bera af sér þennan áburð. Í greininni eru sjálfstæð og ótengd atriði tengd saman og búinn til lygavefur og samsæriskenning. Allt er svo undir rós í stíl Gróu á Leiti. Reynt er að beita hæðni og svo agnarögn af húmor en greinlegt er að greinarhöfundur var fjarverandi þegar gráglettninni var úthlutað af almættinu.

Öll viðskipti og samskipti Aleflis við bæjarstjóra og Mosfellsbæ voru lögleg, eðlileg, fagleg og heiðarleg, og þola alla skoðun. Dylgjum um annað er vísað til föðurhúsanna. Ekki er ástæða til að elta ólar við einstök atriði. Það er gamalt óhræsisbragð að skella framan í andstæðinga röngum staðhæfingum til að koma þeim í varnarstöðu. Nixon, þekktur amerískur framsóknarmaður, orðaði það svona: „Let them deny it“ (Látum þá þræta fyrir það).

Þorsteinn Kröyer , framkvæmdastjóri
Alefli ehf. Byggingaverktakar

Skólar í sókn – jákvæðni og framsækni í skólastarfi

Við Mosfellingar eigum því láni að fagna að hér eru reknir skólar sem hafa skipað sér í fremstu röð hvað varðar þróun og gæði. Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ vita að það skiptir alla bæjarbúa máli að hér séu skólar þar sem öllum líður vel, bæði nemendum og starfsfólki. Hér eru frábærir leikskólar sem hafa allir sína sérstöðu og gríðarlegan metnað. Vert er að minnast sérstaklega á Krikaskóla sem er nýjasta stolt okkar og sönnun þess að við getum hugsað út fyrir rammann og sýnt framsækni í skólamálum. Við megum vera stolt af því að í Mosfellsbæ hefur verið skrifaður nýr kafli í sögu skólamála á Íslandi.

Jákvæð skólamenning

Á undanförnum árum hefur Mosfellsbær lagað til sín barnafjölskyldur og segir það allt sem segja þarf um ágæti þess að búa hér í bæ. Nú til dags gera foreldrar mikla kröfur til skólanna, því skólinn skiptir fjölskyldurnar máli. Skóli verður ekki góður nema þar starfi gott fólk. Þess vegna skiptir máli að hlúa að innviðum skólanna, hlúa að starfsfólki og nemendum, efla endurmenntun og skapa með öllum mætti jákvæða skólamenningu – en jákvæðni er eitt af gildum Mosfellsbæjar sem skólar og aðrar stofnanir starfa með að leiðarljósi.

Reynslan sýnir að þar sem góð skólamenning ríkir hefur kennurum og öðru starfsfólki skólans tekist að smita nemendur af jákvæðni og krafti. Í slíku umhverfi er almenn líðan barnanna betri og þar er minna um neikvæða hegðun á borð við einelti. Jákvæð skólamenning skilar jákvæðum nemendum sem eru jákvæðir í garð skólans og verða jafnframt mun móttækilegri fyrir námi sínu. Það skiptir máli fyrir framtíð barnanna.

Góðir skólar í Mosfellsbæ

Kjarninn í skólastefnu Mosfellsbæjar er meðal annars að bera virðingu fyrir einstaklingnum þar sem allt skólastarf tekur mið af þörfum hans, félagslegum aðstæðum og umhverfi með umhyggju að leiðarljósi. Þannig má stuðla að góðri líðan nemenda og kennara sem jafnframt ýtir undir jákvæða skólamenningu.

Skólum í Mosfellsbæ hefur tekist að skapa góða umgjörð utan um einstaklingana sem í þeim starfa og hefur sveitarfélagið sótt fram á sviði skólaþróunar svo tekið er eftir. Í erfiðu efnahagsumhverfi skiptir máli að hlúa að grunnþjónustunni og sjá til þess að hér verði áfram reknir skólar í fremstu röð á Íslandi.

Kolbrún Þorsteinsdóttir
Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins.

Þitt er valið

Í bæjarstjórnarkosningum á laugardaginn veljum við Mosfellingar fulltrúa okkar til að stjórna bænum okkar næstu fjögur árin. Þessar kosningar eru einkar mikilvægar í ljósi þeirra aðstæðna sem flest okkar búa við í því efnahagsástandi sem nú ríkir. Niðurstaða kosninganna ákveður áherslur og forgangsröðun sem verða viðhafðar í þjónustu og stjórnun bæjarins næstu fjögur árin. Því er mikilvægt að íbúar geri sér glögga grein fyrir því hvað það er sem framboðin standa fyrir, hvað það er sem þau leggja til grundvallar stefnu sinni og hver er trúverðugleiki þeirra í ljósi reynslunnar. Það er komin tími til að gefa sjálfstæðisflokknum frí frá því að stjórna Mosfellsbæ. Flokkur sem ekki gerir lengur greinarmun á flokkspólitísku starfi sínu og starfi bæjarfélagsins m.a. með misnotkun á heimasíðu bæjarins í eigin þágu og slær eign sinni á starf félagasamtaka í bænum þarf að fá frí.

Samfylkingin í Mosfellsbæ starfar í anda jafnaðarstefnunnar sem byggir á frelsi, lýðræði, jafrétti og samábyrgð. Við fulltrúar Samfylkingar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og nefndum bæjarins höfum starfað undir þessum formerkjum og með hagsmuni bæjarins og íbúa hans að leiðarljósi. Við höfum byggt okkar málflutning á þekkingu á málefnunum og heiðarleika, verið tilbúin til samstarfs um mál þar sem sjónarmið falla saman og ekki sett upp ódýr flokkspólitísk leikrit til að upphefja sjálf okkur.

Við höfum á undanförnum árum m.a. lagt áherslu á í málflutningi okkar:

- Að standa vörð um störf skólastofnana bæjarins með áherslu á stuðnings- og stoðþjónustu.
- Að gjaldskrám fyrir þjónustu bæjarins sé haldið í lámarki og þá einkum hvað varðar þjónustu við börn og ungmenni.
- Öflugan stuðning við þá íbúa sem höllum fæti standa félagslega eða efnalega.
- Aukna og öflugri heimaþjónustu og heimahjúkrun fyrir aldraða, fatlaða og sjúka.
- Velferðaþjónustu sem bænum er sæmandi.
- Fjölbreytta og öfluga íþrótta- og tómstundastarfsemi sem allir hafi aðgang að.
- Að umgangast náttúruperlur bæjarins og umhverfi af virðingu með hagsmuni komandi kynslóða í huga.
- Opið og lýðræðislegt stjórnkerfi sem m.a. kalli eftir samvinnu við íbúana um mótun samfélags okkar.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ er fólk með fjölbreytta reynslu og þekkingu og til þess búið að takast á við stjórnun bæjarfélagsins okkar í samvinnu við íbúanna. Fólk sem ekki er bundið hagsmunatengslum við aðra en bæjarbúa. Fólk sem vill taka þátt í mótun samfélags okkar með ykkur. Fólk sem hægt er að treysta til að vinna heiðalega að velferð íbúa Mosfellsbæjar.

Á laugardaginn getur þú tryggt frekari framgang þessara áherslna með því að tryggja Samfylkingunni í Mosfellsbæ þrjá fulltrúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi, skipar 1. sæti á lista Samfylkingar.
Hanna Bjartmars bæjarfulltrúi, skipar 2.sæti á lista Samfylkingar.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

Lýðræði og valddreifing

Íbúahreyfingin býður nú fram til bæjarstjórnar í Mosfellsbæ í fyrsta skipti. Aðeins sjö manns eru á framboðslistanum og skipa mæðginin Guðbjörg Pétursdóttir og Guðlaugur Hrafn Ólafsson tæp 30% listans. Eiginmaður Guðbjargar, Ólafur Ragnarsson, er einn helsti talsmaður framboðsins en hann sat í stjórn Varmársamtakanna sem lét mikið að sér kveða fyrr á kjörtímabilinu, við misjafnar undirtekir bæjarbúa.

Frambjóðendum Íbúahreyfingarinnar hefur verið tíðrætt um lýðræði og valddreifingu en sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé skynsamlegast að hefja þessi hugtök til vegs og virðingar á heimavelli áður en lengra er haldið. Nýtt Ísland hefst í heimabyggð!

Bjarki Bjarnason

Íbúalýðræði lykillinn að góðu samfélagi

Einn af hornsteinum aðgerðaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (Sþ) um sjálfbæra þróun er að sveitarstjórnir virki íbúa til þátttöku í samfélagslegum verkefnum. Skýringin er einföld, - með því að gefa íbúum hlutdeild í mótun samfélagsins telja Sþ að hægt sé að vekja fólk til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfi sínu og stuðla með því að betra samfélagi. Það er algengur misskilningur að sjálfbær þróun sé einungis umhverfismál. Hið rétta er að ef líf á að halda áfram á jörðinni þarf mannfólkið að sýna ábyrgð í umgengni sinni við móður Jörð og skila henni í sama ástandi og það tók við henni.

Staðardagskrá 21 er afkvæmi þessarar aðgerðaráætlunar en það er einmitt í hennar anda sem við í Samfylkingunni viljum vinna, efla samábyrgð og nota til þess tæki sjálfbærrar þróunar. En hvernig förum við að? Við teljum brýnt að setja á fót öflugan vettvang samráðs milli íbúa, fagfólks og fulltrúa sveitarstjórnar í öllum mikilvægum málum, s.s. skipulags- og umhverfismálum. Það verði gert strax að loknum kosningum.

Sveitarfélög á Íslandi eru fámenn og ljóst að með aukinni samvinnu þeirra á milli gæti mikið áunnist. Ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu t.d. unnið betur saman í skipulags- og umhverfismálum á síðustu árum væri öðruvísi umhorfs í Mosfellsbæ í dag.

Mörg og brýn verkefni bíða nýrrar bæjarstjórnar. Samfylkingin telur mikilvægt að íbúar fái að kjósa um staðsetningu kirkju í miðbænum og segja álit sitt á því hvort starfsemi safnaðarheimilis og menningarhúss fari saman.

Sorphirða og flokkun úrgangs er eitt af þeim málum sem bíður úrlausnar og teljum við að Mosfellsbær þurfi að gera íbúum kleift að flokka sorp við heimahús eins og gert er víða í nágrannalöndunum. Þetta má t.d. gera með því að fækka gráu tunnunum og niðurgreiða í staðinn grænu tunnuna, því að flytja sorp til flokkunar með einkabílum er óskynsamlegt. Við í Samfylkingunni teljum mikilvægt að SORPA reki áfram endurvinnslustöð í Mosfellsbæ sem er sjálfsögð þjónusta við íbúa en að stafsemi fyrirtækisins hverfi úr Álfsnesi.

Samfylkingin í Mosfellsbæ hefur sett stefnuna á vistvæna framtíð. Við viljum öflugt og gott stígakerfi á milli hverfa í bænum m.a. milli Leirvogstungu og Varmárskóla og einnig innan eldri hverfa þar sem leikvellir, stígar og opin svæði hafa á undanförum árum verið í niðurníðslu. Þjónustu strætisvagna innanbæjar þarf að bæta og haga skipulagi þannig að yfirbragð byggðarinnar og þéttleiki taki mið af „sveit í bæ“.

Samfylkingin vill tryggja framgang náttúruverndarmála í stjórnsýslunni og standa þannig vörð um 50-100 m verndarbelti meðfram ám og vötnum. Þarfir íbúa og virðing fyrir landslagi, líffræðilegum fjölbreytileika, menningu og sögu á að vera sá grunnur sem skipulag bæjarins byggist á.

Hálfköruð byggingarsvæði þurfa nú á nýjum íbúum að halda en til að svo megi verða þurfa Mosfellingar að senda umheiminum skýr skilaboð um að með því að setjast hér að sé fólk ekki að afsala sér þeim sjálfsögðu mannréttindum að hafa áhrif á mótun síns samfélags.

Kæru Mosfellingar! Til að allir fái að vera með þurfum við Samfylkinguna í brúna í Mosfellsbæ!

Gerður Pálsdóttir og Sigrún Pálsdóttir, frambjóðendur Samfylkingarinnar til sveitarstjórnarkosninga 29. maí.

Sækjum fram á Kjalarnesi

Atvinnumál ber mjög á góma á Kjalarnesi eins og annars staðar í borginni, en hæsta hlutfall atvinnulausra í Reykjavík er á Kjalarnesi og í Breiðholti. Þess vegna eru atvinnumálin mikilvægustu hagsmunamál Reykvíkinga til skamms tíma. Í komandi kosningum leggur Framsóknarflokkurinn megináherslu á að fjölga störfum í Reykjavík, meðal annars með því að stórauka mannaflsfrekar viðhaldsframkvæmdir á byggingum í eigu borgarinnar, hrinda af stað atvinnuátaksverkefnum í hverfum borgarinnar í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð, styðja við uppbyggingu ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur og svo mætti áfram telja.

Sú samtvinnun sem er á næsta leiti í skóla, leikskóla og frístundaheimili er spennandi, en það verður að gæta þess að sérþekking hvers þáttar verði ekki flött út. Útikennslustofan mun færa nýja vídd inn í skólastarfið og gæti jafnvel orðið spennandi vettvangur fyrir heimsóknir frá öðrum skólum og leikskólum í borginni.

Ég þekki vel áhyggjur íbúa af umferðaröryggi, en stærsta framkvæmdin í þeim efnum er tvöföldun Vesturlandsvegar. Það er mikilvægt að hefjast handa við þá framkvæmd sem fyrst og rétt að geta þess að hún getur farið af stað löngu áður en Sundabraut kemur til skjalanna. Hægt er að tvöfalda strax frá gangamunna að mynni Kollafjarðar. Staðsetning Kjalarness innan borgarinnar mun svo gjörbreytast með tilkomu Sundabrautar. Þessar tvær vegaframkvæmdir þarf að setja framar í forgangsröðun samgönguframkvæmda ríkisstjórnarinnar en verið hefur. Ég vil beita mér fyrir því sem borgarfulltrúi að svo verði.

Margir hafa lýst yfir óánægju með staðsetningu skotæfingasvæðis á Álfsnesi og við viljum finna aðra staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu fyrir skotæfingasvæðin til frambúðar.

Á íbúaþingi Kjalarness á dögunum setti ég fram tvær hugmyndir til umræðu á þinginu.

Fyrri hugmyndin var að bjóða sjósundsfólk velkomið á Kjalarnes og til að nýta sér aðstöðuna í sundlauginni eftir sjóböð. Engin önnur sundlaug í Reykjavík er jafn nálægt sjó og fjaran er mjög aðgengileg og hentug til sjóbaða, sérstaklega í kjölfar byggingar dælustöðvar skólps. Ég er viss um að margir myndu nýta sér þetta tækifæri og þá sérstaklega um helgar á veturna, þegar Nauthólsvík er lokuð.

Síðari hugmyndin fólst í því að hvetja Kjalnesinga til þess að skipuleggja árlegt Esjuhlaup, eftir endilangri Esjunni. Ég lagði til að hlauparar myndu leggja upp frá skíðasvæðinu við Skálafell, hlaupa síðan upp á Móskarðshnúka og svo í vesturátt eftir endilangri Esjunni, niður Blikdal og svo til baka í austurátt meðfram fjallinu og enda við sundlaugina í hverfinu. Hlauparar eru sífellt á höttunum eftir óvenjulegum og krefjandi hlaupum og þetta hlaup gæti reynst prýðis undirbúningur fyrir hálendishlaup.

Vonandi nýtast þessar hugmyndir Kjalnesingum til að gera góða byggð enn betri.

Þar sem Kjalnesingum er mjög umhugað um málefni síns hverfis vil ég að lokum benda á eitt stefnumála Framsóknar í Reykjavík. Við viljum festa íbúalýðræði í sessi á þann hátt að undirskriftir 5% borgarbúa nægi til að koma málefnum á fund borgarstjórnar, auk þess sem við viljum auka áhrif hverfisráða í stjórnsýslunni.

Einar Skúlason
oddviti framsóknarmanna í Reykjavík

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Umhverfis- og náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar verður haldinn 31. maí kl.17.00 við Fuglaskoðunarhúsið við Leirvog, rétt hjá Langatanga.

Hugað verður að fuglum
auk venjulegra aðalfundarstarfa.
Hafið með ykkur sjónauka.

SNÆLAND VIDEO

BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÖTI
FULLT AF STÖKKU BEIKONI ICEBERG SALAT, GÚRKA, LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÓK.
HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-

Margt um að vera í Mosfellsbæ

Kæru Mosfellingar.

Í sumar munum við stöllurnar vinna að verkefni sem kallast „Margt um að vera í Mosfellsbæ“. Nú, þegar kreppir að, er enn frekar þörf á menningu og skemmtun til að lífga uppá lífið og tilveruna. Með verkefninu vonumst við eftir hjálp Mosfellinga í formi ýmiskonar sjálfboðavinnu. Við erum að skipuleggja hina ýmsu viðburði fyrir alla aldurshópa í Mosfellsbæ sem kosta ekki neitt. Ætlunin er að efla bæjarandann og skapa blómlegt líf í bænum í sumar.

Við höfum haft á tilfinningunni að Mosfellingar leiti alltaf „niður í bæ“, þ.e. til Reykjarvíkur í leit að menningu og skemmtun. Þetta þykir okkur óæskileg þróun, sérstaklega þar sem Mosfellsbær hefur uppá svo margt að bjóða. Ef til vill þarf að opna augu bæjarbúa fyrir þessum möguleikum.

Við ætlum að gera margt í sumar. Fyrir unga fólkið langar okkur til dæmis að skipuleggja tónleika, uppistand, útilegu, listasýningu, hönnunar- og flóamarkað, námskeið og margt fleira. Fyrir fjölskylduna og alla hina langar okkur að nýta miðbæjartorgið, grilla og fara í leiki, halda námskeið, fara í hjólreiðatúr og ratleik, skipuleggja tónleika og gönguferð um sögustaði Mosfellsbæjar. Við viljum einnig vekja athygli á allri þeirri góðu starfsemi sem á sér stað í bænum á sumrin og reyna að samþætta hana við verkefnið okkar. Á næstu dögum geta Mosfellingar átt von á að fá sumardagskrá inn um lúguna.

Hafir þú, bæjarbúi góður, áhuga á að taka þátt í verkefninu og um leið stuðla að skemmtilegum sumardögum í bænum okkar eða lumar á góðri hugmynd máttu hafa samband við okkur á netfangið margtumadvera@gmail.com.

Gleðilegt sumar!

Sigrún Harðardóttir og
Sólrún Una Þorláksdóttir

Krikaskóli er bylting í hugmyndafræði skólastarfs

Mosfellingar vígðu í vor skóla sem er gjörbylting í hugmyndafræði skólastarfs á Íslandi. Skólinn er fyrir börn á aldrinum eins árs til níu ára og geta þau stundað nám og frístund allan daginn allt árið um kring.

Fyrir um 20 árum hófst hér í Mosfellsbæ vinna með verkefnið „Brúum bilið”. Það snerist meðal annars um að auka samvinnu og tengsl á milli leikskóla og grunnskóla og að auðvelda börnum þau miklu umskipti sem yrðu við að fara á milli skólastiga.

Leikskólaganga barna hefur breyst mikið á stuttum tíma. Fyrir 15 árum var eingöngu um helmingur barna í leikskóla og einungis elstu börnin í vistun allan daginn. Nú eru nánast öll börn í heilsdagsvistun frá tveggja ára aldri og þau búin að ganga í skóla í fjögur ár þegar þau koma í grunnskóla. Því þótti ástæða til að bregðast við þessum breytingum og auka samhengi milli tveggja fyrstu skólastiganna.

Árið 2002 hófst undirbúningur að því að bjóða upp á fimm ára deildir við grunnskóla Mosfellsbæjar með þetta fyrir augum. Fyrsta leikskóladeildin tók til starfa í Varmárskóla 2004 og tveimur árum síðar við Lágafellsskóla. Á þessum tíma hófst einnig í fræðslunefnd undirbúningur að stofnun skóla með leikskóla- og grunnskóladeildum. Eftir nánari skoðun var niðurstaðan að fyrstu fjórir bekkir grunnskólans ættu vel heima með leikskóla.

Ástæður eru m.a. þær að yngsta stig grunnskólans er fjórir bekkir og að börn á þeim aldri þurfa heilsdagsumönnun og þau sækja frístundasel sem tengist hugmyndum bæjarins um heilsdagsskóla. Einnig þótti eftirsóknarvert að bjóða upp á nám allt árið fyrir börn á þessum aldri. Rétt er þó að geta þess að börnin taka 4 til 6 vikna sumarfrí. Það má segja að þetta fyrirkomulag sé í raun viðbrögð við breyttu samfélagi og aukin þjónusta við börn og foreldra í Mosfellsbæ.

Í byrjun þessa kjörtímabils var haldin hönnunar- og hugmyndasamkeppni um Krikaskóla þar sem forsendurnar voru skóli fyrir börn frá eins árs til níu ára. Hópur sem kallar sig Bræðing var hlutskarpastur en hann skipa m.a. Andri Snær Magnason rithöfundur og Helgi Grímsson skólastjóri auk arkitekta, verkfræðinga, landslagsarkitekta og annarra ráðgjafa.

Það er því með miklu stolti sem Mosfellingar tóku í lok mars í notkun þennan framsækna og fallega skóla. Hann er vitnisburður um þá miklu áherslu sem bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ setja á skólamál og þá miklu gerjun sem á sér stað á því sviði hér í bæ. Til hamingju Mosfellingar!

Hafsteinn Pálsson,
bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE
Kristín Rúnarsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili í 10 ár
Sími: 861-7667
kristinherbalife@gmail.com
facebook Allir fyrir Herbalife fyrir Alla

HERBALIFE

Frábær ný vara komin - Formula 1 Expess Bar
Næringarík máltíð í einni stöng!

ERUM MEÐ TILBOÐ Í GANGI!
Nýir eigendur - Nýjar perur
Vertu velkominn, við tökum vel á móti þér
Opnunartími:
Mánud. – föstud. kl. 11-22
Laugardaga kl. 12-20
Sunnudaga kl. 12-20
GUFUBAÐ
LJÓSABEKKIR
GÓÐAR HÚÐVÖRUR
STURTUR
NUDDKAR
Sólbaðstofa Mosfellsbæjar
Þverholti 5 - Sími: 566-8110

✓RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari
Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Viltu vera helmingi fljótari að þrífa?
Nota 90 % minna af hreinsiefnum?
Þá eru ENJO umhverfisvænu hreinlætisvörurnar
eitthvað fyrir þig
Frábær tilboð á kynningum í mars og apríl
Nýr ENJO ráðgjafi í heimabyggð
Jóna Magnea Hansen
Sími: 777 3023
jonamagnea@gmail.com
ENJO CLEAN THE WORLD

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR
CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi
Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan
Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is
NÝJA BÍLASMIÐJAN HF
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Mikilvægi þess að taka þátt!

Á fjögurra ára fresti er það borgaraleg skylda okkar að skoða með gagnrýnum augum stöðuna í samfélagi okkar og taka afstöðu til þess hver staðan er og hvort við séum á réttri leið. Við þurfum ekki að hafa áhuga á pólitík sem slíkri en öll höfum við skoðun á því í hvernig samfélagi við viljum búa, með öðrum orðum hvert skattpeningar okkar fara.

Það stefnir í dræma þátttöku í sveitastjórnakosningunum þetta árið. Það er skiljanlegt eftir það sem að undan er gengið. Fólk er komið með nóg, orðið þreytt á að hlusta á stjórnmálamenn sem virðast segja eitt en gera annað hvort sem það er sveitastjórnapólitík eða landsmálapólitík. Lausnin hjá mörgum virðist vera að hætta að taka þátt og sleppa því að kjósa.

En við höldum samt áfram að þiggja opinbera þjónustu, til dæmis skóla og heilsugæslu og öll borgum við enn skattana okkar. Það er einmitt mergur málsins, við megum ekki gefast upp. Í gegnum árin hafa Íslendingar byggt upp öflugt samfélag þar sem boðið er upp á góða heilbrigðisþjónustu, skóla, félagsþjónustu og allt sem gott velferðarþjóðfélag hefur upp á að bjóða. Við verðum að standa vörð um samfélagið okkar og við gerum það meðal annars með því að nýta kosningarétt okkar.

Í Framsóknarflokknum hefur átt sér stað mikil endurnýjun og við höfum horfst í augu við það að tímabili fjarlægðist flokkurinn grasrótina, hjarta flokksins og grunnstefnuna, samvinnustefnuna. Við viljum ekki gleyma eða breiða yfir fortíðina heldur horfast í augu við hana og læra af henni. En við megum ekki gleyma okkur í uppgjörinu, við verðum að halda áfram. Veljum fólk sem þorir, hefur kjark til að horfast í augun við staðreyndir og takast á við þau verkefni sem framundan eru, setjum X við B næsta laugardag.

Björg Reehaug Jensdóttir, skipar 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Mosfellsbæ jafnréttisfulltrúi Framsóknarflokksins

Tjald- og húsbílastæði í Ullarnesbrekkur

Eðlileg lausn á aðkallandi þjónustu.

Undanfarin ár hefur ekki verið boðið upp á sómasamlegt tjaldstæði miðsvæðis í Mosfellsbæ. Þegar að gervigrasvöllurinn við Varmá var byggður fór tjaldstæðið við Brúarland forgörðum. Enn er merkingar um þetta horfna tjaldstæði að finna t.d. á yfirlitskortum við Úlfarsfell og Áslandshverfið ásamt vegvísi við Vesturlandsveg og Haraldur bæjarstjóri vísaði fyrr í vetur til túnsins við Hlégarð þegar þetta mál bar á góma í þróunar- og ferðamálanefnd nýverið. Þar er ekkert formlegt tjaldstæði og t.d. enga hreinlætisaðstöðu að hafa utan opnunartíma íþróttamannvirkja að Varmá.

Undirritaður hefur á fundum þróunar- og ferðamálanefndar ítrekað lagt til að leitað verði leiða svo takast megi að koma upp sómasamlegu tjaldstæði í nágrenni þjónustukjarna Mosfellsbæjar. Ég hef t.d. stungið upp á að nýta megi íþróttavöllinn í Ullarnesbrekkum á meðan ekki er öðru til að tjalda en Haraldur Sverrisson og Karl Tómasson o.fl. fulltrúar bæjarstjórnarmeirihlutans í nefndinni hafa lagst gegn þessu.

Hafa þeir báðir vísað til framtíðarskipulags Ævintýragarðsins þar sem tjaldstæði á að vera í gömlum gryfjunum nærri gámastöð Sorpu. Lofað var úttekt frá bæjarverkfræðingi um málið en hún leit ekki dagsins ljós fyrr en síðastliðinn þriðjudag og þarf ekki að fjölyrða um að gryfjan sú arna verður vart nothæf á næstunni enda ósnyrtileg og óaðlaðandi og kostnaður við fyrsta áfanga allt að 20-25 milljónir. Á fundinum var lögð fram kostnaðaráætlun í tengslum við mögulega bráðabirgða aðstöðu í Ullarnesbrekkum upp á fjórar milljónir. Ákveðið var á fundinum að fresta framkvæmdum um ófyrirséðan tíma vegna fjárskorts. Óskiljanleg er sú forgangsröðun núverandi bæjarstjórnarmeirihluta að vanrækja þetta mál en byggja t.d. í fyrra fuglaskoðunarhús fyrir fimm milljónir.

Ef Mosfellsbær á að geta staðið undir nafni sem ferðamannabær þá er lágmark að í boði sé frambærilegt tjaldstæði með aðstöðu fyrir vagna og húsbíla.

Eina tjaldstæðið í Mosfellsbæ er að finna við Mosskóga í Mosfellsdal en það þykir því miður oft á tíðum of langt frá þjónustukjarnanum. Ég legg til að leitað verði eftir samstarfi t.d. við Aftureldingu og/eða skátafélagið Mosverja um rekstur tjaldstæðis í Ullarnesbrekkum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða úti á landi og skilar félögum sem að þeim standa umtalsverðum tekjum. Með fljótlegum hætti mætti t.d. setja upp í Ullarnesbrekkum hreinlætisaðstöðubyggingu sem er í eigu bæjarins og drífa í raf-, vatns- og fráveitulögnum við hæfi. Vegtenging er til staðar þó hún gæti verið betri og er staðurinn skjólgóður, vel staðsettur og tengdur við annað af tveimur upplýsingaskiltum í Mosfellsbæ. Stefna ber vo að gerð tjaldstæðis í Ævintýragarði þegar efni og aðstæður leyfa.

Undirritaður situr í þróunar- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar fyrir Framsóknarflokkinn.

Snorri Hreggviðsson Höfundur er verkfræðingur og skipar 3. sæti B-listans í Mosfellsbæ

(Ó)gagnsæi í Mosfellsbæ

Það er áberandi nú fyrir kosningar í Mosfellsbæ að mikill áhugi hefur gripið um sig hjá öllum stjórnmálaflokkunum um að auka íbúalýðræði og gagnsæi. En hvað er átt við með gagnsæi? Samkvæmt skilningi okkar fellst gagnsæi í því að gögn sem liggja á bak við ákvarðanir í stjórnsýslunni séu opinber. Hjálmar Gíslason hjá DataMarket orðar þetta svona „Gögn í eigu opinberra aðila eiga að vera opin nema ríkari hagsmunir leiði til annars".

Gagnsæi er mjög mikilvægt til að borgararnir átti sig á því hvernig ákvarðanir eru teknar og einnig er það nauðsynlegt sem aðhald gagnvart stjórnvöldum. Sem frambjóðendur í nýju framboði töldum við okkur þurfa að kynna okkur ýmis mál til þess að geta fjallað um þau á opinberum vettavangi. Í sveitarfélagi eins og Mosfellsbæ liggur beint við að fara á heimasíðu bæjarins, www.mos.is, til að skoða hvaða gögn eru þar aðgengileg. Við höfðum hugsað okkur að kynna okkur fjölda mála með því að lesa fundargerðir nefnda og sviða. Það reyndist ekki auðvelt.

Í fundargerðum kemur oft fyrir að aðeins dagskrá fundarins er skráð en ekki um hvað var rætt og engin tilvísun í gögn tengd efninu. Ef svo heppilega vill til að eitthvað er skráð þá er það oft illskiljanlegt sbr:

Skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar - 227

Haldinn í Þverholti fundarherbergi bæjarráðs, 15.04.2008 og hófst hann kl. 07:00. 200804058 - Mosfellsdalur, staða í aðalskipulagi

Lögð fram minnisblöð bæjarritara og skipulagsfulltrúa varðandi skilgreiningu byggðar í Mosfellsdal. Starfsmönnum falið að vinna frekar að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

Hér vakna upp margar spurningar eins og: Hvaða „staða í aðalskipulagi"? Hvað stóð á minnisblöðum bæjarritara og skipulagsfulltrúa? Hvaða starfsmönnum var falið hvað? Um hvað snerust umræðurnar?

Fundargerðir ættu að vera lýsandi um málefnin og ákvarðanir sem teknar eru nema í þeim tilfellum þar sem fjallað er um persónuleg mál. Í opinni stjórnsýslu bæjarins ættu allar niðurstöður og gögn sem fylgja umræðum að liggja fyrir á sömu síðu.

Annað sem okkur langaði að kynna okkur voru launagreiðslur til bæjarfulltrúa og þeirra sem starfa í nefndum og ráðum. Á heimasíðunni er ekki að finna neinar upplýsingar um þau mál.

Eins er með styrki og aðrar fjárveitingar til félagasamtaka. Þær ættu að vera öllum, sem vilja kynna sér, aðgengilegar.

Í stuttu máli má segja að við komumst fljótt að því að lítið var upp úr krafsinu að hafa á heimasíðu bæjarins sem þó er nýlega tekin í notkun. Bæði er erfitt að rata um síðuna og þegar maður finnur það sem leitað er að eru upplýsingarnar mjög ófullnægjandi.

Annað mikilvægt atriði varðandi gagnsæi er að þau gögn sem gerð eru aðgengileg séu sett fram á skýran og greinargóðan hátt. Það er augljóst, eftir okkar tilraunir til að nýta okkur gagnsæi í stjórnsýslu Mosfellsbæjar, að bærinn fær ekki háa einkunn. Feluleikur virðist vera meira lýsandi fyrir það sem í boði er en gagnsæi. Af hverju stafar það? Hafa kjörnir fulltrúar meirihlutans eitthvað að fela? Til að lýðræðisleg og opin umræða geti átt sér stað þarf almenningur að hafa aðgang að réttum og læsilegum gögnum

Við viljum tryggja að gegnsæi og rekjanleiki mála verði tryggður. Við viljum taka upp raunverulega opna stjórnsýslu því það er almannahagur. Við viljum líka stuðla að opinni umræðu því stjórnsýslan og stjórnmálamennirnir eiga ekki að hafa neitt að fela fyrir fólkinu sem kaus það til þjónustu.

Birta Jóhannesdóttir skipar 3. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ Soffia Alice Sigurðardóttir skipar 6. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ

Dúettinn Hljómur hefur misst 31 kg á 14 vikum

62 smjörstykkjum léttari

-31 kg

Átakið hjá Gústa og Hilmari hefur gengið vel og eru drengirnir nú léttari, stinnari, sterkari, fallegri og ekki síst enn skemmtilegri en fyrir átak. En eins og alltaf þegar menn ná árangri í einhverju fylgir því agi og vinna. Félagarnir hafa lagað mataræðið sitt með því að fjölga máltíðunum sínum og huga að innihaldi þess sem þeir leggja sér til munns. Æfingarnar hafa verið fjölbreyttar þar sem áhersla hefur þó verið á styrktarþjálfun þar sem hjartsláttur er hár í gegnum alla æfinguna o.þ.a. eru það mjög orkuferkar æfingar.

Hér koma helstu niðurstöður eftir 14 vikna æfingar:

Gústi

fyrir	eftir
105,9 kg	89.9 kg (þyngd)
33%	24% (fita)
115 cm	103 cm (magaummál)

Hilmar

fyrir	eftir
110,2 kg	95,2 kg (þyngd)
28%	20% (fita)
108 cm	96 cm (magaummál)

Samtals hafa drengirnir losað sig við 31 kíló, 17% af fitu og 24 cm af magaummáli. Sem sagt frábær árangur hjá þessum einstaklega kátu og vinalegu Mosfellingum.

Ég þakkar Hljómnum fyrir ánægjulega samvinnu og vonast til að sjá þá félaga áfram ræktinni.

Elías Níelsson, íþróttafræðingur

World Class ICELAND

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kaffihúsið á Álafossi

Álafossvegur 27 - sími 566 8030

Þökkum Mosfellingum fyrir góðar móttökur

Opið til kl. 22 öll kvöld

Sjúkraþjálfun & Sjúkraraudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær Sími 578 5080

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

Rétt hjá JÓA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497

www.retthjajoa.is

ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.

JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Spilaðu heiðarlega og tapaðu með reisn

Ég hvet þig, Mosfellingur góður, til að nota atkvæði þitt í sveitarstjórnakosningunum hinn 29. maí næstkomandi og merkja X við D. Það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna. Margir hafa í kreppunni misst trú á stjórnmálamönnum, sérstaklega á landsvísu. Það er skiljanlegt. Fjöldi fólks tekur þó þátt í sjálfboðaliðastarfi á vegum íþróttafélaganna og bæjarfélagsins og gerir það af heilum hug. Það má ekki gleymast. Flestir eru nokkuð heiðarlegir og vilja hafa góð áhrif á næsta umhverfi sitt. Þetta fólk vill halda áfram að leggja áherslu á grunnstoðir samfélagsins þrátt fyrir kreppu.

Jákvæðni er betri

Við megum alls ekki gleyma því að jákvæðni skilar okkur miklu betri árangri en neikvæðni. Við þurfum aftur að læra að trúa á okkur sjálf og aðra. Við megum ekki festast í neikvæðninni. Ég sé ástæðu til þess að ræða þá aðferðarfræði sem sumir flokkar nota til þess að ná til kjósenda. Þeir reyna að sverta störf annarra. Í mínum huga er þetta ljótur leikur og alls ekki heiðarleg stjórnmál og aðferðarfræði sem á ekkert skylt við keppni eða íþróttamannsanda. Ég vil benda á að þeir sem eingöngu geta svert aðra hafa líklegast ekkert að bjóða sjálfir. Ég vil hvetja stjórnmálamenn allra flokka til að hysja nú upp um sig buxurnar og leggja áherslu á að kynna sín stefnumál frekar en að tala illa um aðra. Það segir meira um þann er talar heldur en þann sem talað er um.

Brugðið fæti fyrir

Ég líki þessari aðferðarfræði við það að ef ég væri að ná forystu í hlaupi þar sem einhver myndi bregða fyrir mig fæti þar sem ég væri að taka framúr. Sá sem telur sig ekki hafa vinningsmöguleika bregður fæti fyrir samkeppnisaðilann. Mín veröld er ansi einföld, spilaðu heiðarlega og tapaðu með reisn. Ef þú kemst ekki áfram af eigin verðleikum ertu ekki þess verður að komast áfram. Í keppni vinnur sá sem er bestur. Í pólitík ætti sá flokkur að fá flest atkvæði sem unnið hefur best fyrir bæjarbúa. Ekki sá sem lýgur mest. Það ætti að vera hið nýja Ísland og það vil ég biðja þig um, kjósandi góður, að íhuga þegar þú gengur inn í kjörklefann. Ég og mitt lið viljum gera góðan bæ betri og til þess þarf ég að fá þig til að merkja X við D á laugardaginn.

Eva Magnúsdóttir, forstöðumaður MBA er í framboði í sveitarstjórnakosningum í

Íbúalýðræði

Umræðan um aukið íbúalýðræði er vissulega ánægjuleg. Allt frá stofnun VG hefur aðkoma almennings að ákvarðanatöku verið í hávegum höfð og sannarlega eitt af aðalsmerkjum vinstri grænna.

Hér í Mosfellsbæ hafa bæjaryfirvöld reynt, með svokölluðum íbúaþingum, að kalla eftir þátttöku almennings í einstaka málaflokkum og ákvarðanatöku þeim tengdum. En það er ljóst að þátttaka hefði mátt vera betri og það er því þarft verkefni að finna leið til aukinnar þátttöku íbúa í slíkum þingum.

Helsta baráttumál nýstofnaðar Íbúahreyfingar í Mosfellsbæ er að íbúakosning skuli fara fram um einstök málefni, óski 10% kosningabærra íbúa eftir því eða tveir fulltrúar í bæjarstjórn. Þessar hugmyndir myndu leiða okkur í ógöngur og til stjórnleysis því þær byggja á ábyrgðarleysi og lýðskrumi sem standast enganveginn gagnrýna hugsun. Slíkar tillögur bjóða einnig upp á pólitískan skotgrafahernað.

Eðlilegra væri að hafa hlutfall kosningabærra íbúa hærra eða að það þurfi meirihluta bæjarfulltrúa til vísa einstökum málum til íbúakosninga. Einnig er nauðsynlegt að slíkar kosningar fari fram áður en ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar og að tillögur um slíkar kosningar séu ekki bornar upp eftir að samþykki um framkvæmdir liggur fyrir, líkt og gerðist með fyrirhugaða kirkjubyggingu síðastliðið vor.

Karl Tómasson

Dæmalaus vinnubrögð

Mosfellsbær hefur tapað fjórum tilraunum til að svipta Kaupfélagið lóðarleiguréttindum sínum, nú seinast fyrir Hæstarétti. Þessar tilraunir hafa kostað bæjarbúa sem nemur árslaunum nokkurra skólaliða.

Þarna eru að verki sömu einstaklingar og fannst ekkert athugavert við það að lóðarleiguhafi Hulduhólalands fengi 148 milljónir fyrir sölu á lóðum í eigu Mosfellsbæjar.

Nú þekkja það margir að á meðan Kaupfélagið var í verslunarrekstri styrkti það margskonar íþrótta- og menningarstarfsemi í sveitinni þ.e. á félagssvæði sínu. Minnisstæðast er mér Skátafélagið Mosverjar en þáverandi kaupfélagsstjóri var fyrsti skátahöfðingi þess. Önnur félög og starfsemi voru UMFA, skólahljómsveitin, kórar, kvenfélagið og flest, ef ekki öll, þau félög og menningarstarfsemi sem fyrirfannst í sveitarfélaginu.

Nú er það svo að mér er kunnugt um að stjórn félagsins hafði rætt um að stofna sérstakan styrktarsjóð og færa á þann hátt eignir félagsins til bæjarbúa, þ.e. samfélagsins, sem Kaupfélagið er hluti af. Styrkja átti íþótta- og menningarstarfsemi með áherslu á barna- og unglinagastarf.

Með makalausri aðför bæjaryfirvalda fóru þessi áform að sjálfsögðu í bið og eru kannski fyrir bí. Ljóst má vera að þær milljónir sem Kaupfélagið hefur mátt sjá á eftir til að verjast í þessu máli verða ekki notaðar til styrktar mennigar- og æskulýðsstarfi í bæjarfélaginu.

Bæjarfulltrúinn Hafsteinn Pálsson sér þessu „helvítis Kaupfélagi“, eins og hann sagði við mig, því helst til foráttu að hafa ekki boðað pabba sinn á aðalfundi, og formaður bæjarráðs, Herdís Sigurjónsdóttir, sagði mér að haldið yrði áfram með málið af fullri hörku af hálfu bæjaryfirvalda. Virðist þá ekki skipta máli hvað það á eftir að kosta bæjarfélagið. Kannski árslaun 20 skólaliða eða þaðan af meira?

Mér varð ljóst af samtölum við bæjarfulltrúana að ekki er neinn vilji til annars en að taka umræddar lóðir hvað sem það kostar. Fyrir mér er það einnig ljóst að fólk sem fer svona með vald sitt er orðið þreytt á valdinu og því beri að veita því frí frá störfum. Maður spyr sig auðvitað líka af hverju forseti bæjastjórnar og efsti maður á lista Samfylkingarinnar styðja þessar aðfarir svo dyggilega sem raun ber vitni.

Sagt er að vald spilli og kannski er enn meiri hætta á því þegar þeir sem með það fara eru orðnir svona afskaplega þreyttir.

Jón Sævar Jónsson

Tryggjum Karli Tómassyni og félögum glæsta kosningu

Framundan eru sveitarstjórnarkosningar og þá hafa kjósendur sitt reglubundna val til að hafa áhrif á samfélag sitt. Samstarfsfélagi okkar til margra ára, Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, gefur nú kost á sér öðru sinni.

Karl á einstaklega gott með að ná fram því besta úr þeim sem hann starfar með, hann er sérlega viðræðugóður maður og þægilegur í öllum samskiptum. Maður málamiðlana, sem er aldrei ánægður nema allir fari sáttir frá borði. Nærvera hans er ávísun á skemmtilegt, gott og traust samstarf eins og raunin hefur verið í Mosfellsbæ undanfarin ár og flestum ber saman um.

Karl þreytist seint á því að hæla félögum og samstarfsmönnum sínum fyrir störf sín og hvetja þá áfram. Hinsvegar getur hann verið fastur fyrir ef svo ber undir, ekki síst ef honum er á einhvern hátt misboðið. Réttsýni og hreinskiptni er honum í blóð borin.

Það er er vandfundin litríkari persóna eða betri samstarfsfélagi en Kalli Tomm.

Birgir Haraldsson, Sigurgeir Sigmundsson og Þórhallur Árnason

Mannauður í Mosfellsbæ

Ég starfa við endurhæfingu, heilsueflingu og endurreisn, því er lýðheilsa mér hugleikin. Jákvæð líðan er uppbyggjandi afl bæði andlega og líkamlega. Samfélag þar sem íbúar eru virkjaðir til samráðs og þátttöku á lýðræðislegum vettvangi eflir áþreifanlega jákvæðni, samhug og heilsu.

Í gegnum störf mín hef ég kynnst þversniði af íslensku þjóðinni og hinn mikli mannauður sem við eigum í hverjum einstaklingi verður mjög áþreifanlegur á þeim vettvangi. Í Mosfellsbæ búa um 8500 manns og er ljóst að þar er hin sanna auðlind okkar falin í uppsafnaðri reynslu, þekkingu og menntun.

Við hjá Íbúahreyfingunni í Mosfellsbæ höfum það markmið að virkja þann mannauð sem samfélag okkar býr yfir og við teljum að lýðræðisumbætur þær sem gömlu flokkarnir boða með ósannfærandi hætti, muni ekki raunbirtast í náinni framtíð. Virkt lýðræði, samráð og samskipti íbúa er lykillinn að heilbrigðu samfélagi og krafa nútíma þjóðfélags. Hrun það sem við Íslendingar erum að horfast í augu við er afleiðing úreltra stjórnarhátta. Þessu verðum við að breyta og það gerist ekki nema við sem áður treystum flokksvélunum rísum upp, gefum fortíðinni frí og tökum í taumana.

Sjálfstæðisbarátta okkar Íslendinga var og er barátta lýðræðis og sjálfsákvörðunarréttar. Sjálfstæðisbaráttan í dag er gegn breiskleikum og þrá mannsins í auð og völd sem kristallast í fornum hagsmunavélum sem nú berjast við að halda lífi í sjálfum sér þrátt fyrir að hafa algerlega brugðist og skilið okkur eftir með risavaxið endurreisnarverkefni til langrar framtíðar. Ég treysti þeim ekki lengur og tel að hinar gömlu flokksvélar eigi ekki erindi í bæjarmálin.

Ég vil virkt lýðræði, samhug og samkennd, ég vil að mannauður okkar verði virkjaður í Mosfellsbæ, ég vil taka þátt í að byggja nýja og betri framtíð, ég vil nýtt Ísland og nýtt Ísland hefst í heimabyggð. Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ er ágætis byrjun.
x-M

Guðbjörg Pétursdóttir, hjúkrunarstjóri lungnasviðs Reykjalundar og er í framboði fyrir Íbúahreyfinguna í Mosfellsbæ

Kæri kjósandi

Nú þegar stutt er í kosningar er ekki úr vegi að telja upp nokkur mikilvæg atriði, sem jafnaðarmenn hafa áorkað í gegnum tíðina. Veigamikil atriði sem breyttu þjóðfélaginu og hafa stórbætt lífsgæði okkar allra og fært okkur aukið frelsi, jafnrétti og velferð, sem almenningur fyrri tíma naut alls ekki. Hreyfing jafnaðarmanna var stofnuð í þeim tilgangi að frelsa öreigalýð úr viðjum fátæktar með afli samábyrgðar og samstöðu. Jafnaðarmenn fyrri tíma unnu ötulega að því að krefjast og koma á grunnréttindum almennings, réttindum, sem okkur finnast sjálfsögð nú á dögum.

Á fyrri hluta 20. aldar var krafist og komið á samningsrétti um kaup og kjör, um vinnutíma og aðbúnað á vinnustöðum, auknu starfsöryggi, atvinnuleysistryggingum. Þá voru og lífeyrissjóðir stofnaðir til að tryggja öldruðum viðurværis í ellinni. Jafnaðarmenn beittu sér einnig fyrir jöfnum tækifærum til náms óháð efnahag og jöfnun kosningaréttar karla og almennum kosningarétt til handa konum. Þá má einnig telja fram mikilvæg málefni eins og skylduaðild að sjúkra- og almannatryggingum, jafnari tekjuskiptingu launafólks og tekjutilfærslum til handa bágstöddum og félagslegar lausnir í húsnæðismálum. Það má því til sannsögu færa að jafnaðarmenn hafa fært fólki stóraukið lýðræði, frelsi, jafnrétti og almenna velferð. Þessi vinna kostaði blóð, svita og tár og stöndum við í þakkarskuld við þessu óeigingjörnu jafnaðarmenn, sem létu málefni lítilmagnans sig varða. Vegferð jafnaðarmann hefur haldið áfram allt til okkar daga og betur má ef duga skal og er vegferðinni langt í frá lokið.

Stuðningur þinn kæri kjósandi er afar mikilvægur til að bæta enn lífskjör almennings og stuðla að meiri velferð til handa okkur íbúum. Kjósum flokk jafnaðarmanna, Samfylkinguna í sveitastjórnarkosningunum í Mosfellsbæ, laugardaginn 29. maí næstkomandi. Lifið heil.

Jónas Rafnar Ingason
5. sæti á lista Samfylkingarinnar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE

Kolbrún Rakel Helgadóttir

kolbrunrakel@gmail.com
Lerkibyggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090

Nýjir viðskiptavinir velkomnir
www.youcanworkfromhome.net

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

Jósúa verktakar ehf.

Stífluþjónusta, endurlögn, dren og skolplagnir
Sími: 856-4480

Pípulagningaþjónusta staðsett í Mosfellsbæ
Sími: 856-4481

Heyrst hefur...

...að Múlalundur sé fluttur með starfsemi sína að Reykjalundi.

...að Jóndi og Stefanía séu búin að eignast stúlku sem ber nafnið Ragnheiður Katla.

...að vart hafi verið við öskufall í Mosfellsbæ á dögunum.

...að Theodór Kristjánsson á D-lista í Mosfellsbæ sé bróðir Hönnu Birnu borgarstjóra.

...að sjötti hver Kjósverji sé í framboði í kosningunum á morgun.

...að tillaga hafi komið í Kjósinni um að vera með persónukjör í stað flokka eins og áður var í sveitinni. Nú bjóða hinsvegar þrír listar fram.

...að Haukur og Ína hafi eignast dreng þann 14. maí.

...að kosningavökur verði um allan bæ á morgun. VG verður á Draumakaffi, Samfylking á Ásláki, Sjálfstæðis í Hlégarði og Framsóknarfólk í Háholtinu.

...að sauðfé frá gossvæðinu hafi verið flutt í Mosfellsdal.

...að karlar skipi efsta sætið á öllum framboðslistum bæjarins.

...að Steingrímur Joð hafi verið meðal keppendi á Mosöld 2010.

...að Kiddi Rót verði með kosningavöku fyrir óflokksbundna sem flokksbundna annað kvöld.

...að gráum Yaris hafi verið stolið fyrir utan Hróa Hött í Þverholti.

...að '84 árgangurinn verði með Reunion í kvöld.

...að Margrét Gróa á lista Samfylkingarinnar eigi afmæli á kjördag.

...að strákarnir í Aftureldingu hafi dregist á móti Val í 32 liða úrslitum VISA bikarsins. Leikurinn fer fram á Vodafone-vellinum 3. júní kl. 19:15.

...að það sé kominn baðfatapurrkari í Lágafellslaug.

...að heljarmikið Stones-show verði í Hlégarði þann 25. júní.

...að Hreindís Ylva sé kominn inn í drauma skólann í leiklistinni.

...að ung stúlka hafi sofnað í ljósabekknum á sólbaðsstofunni svo kalla þurfti til lögreglu.

...að prófum sé lokið í 10. bekk í báðum skólunum.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Myndir /Eyþór

Lokaball Bólsins var haldið í Lágafellsskóla föstudagskvöldið 7. maí

Félagsmiðstöðin með Froðuball

Í eldhúsinu HJÁ VILBORGU

Fiskréttur golfarans

Vilborg Eiríksdóttir þroskaþjálfi og leiðsögumaður gefur okkur upp uppskrift að þessu sinni.
Það var unglingurinn á heimilinu sem stakk uppá að senda uppskrift að fiskrétti og þessi réttur er alltaf vinsæll. Uppskriftin kemur úr litlum uppskriftabæklingi sem nefnist „Gagn og gaman austfirskra kvenna". Ekki eru gefin upp nein sérstök hlutföll í uppskriftinni heldur bara farið eftir tilfinningunni og magnið fer eftir hversu margir verða í mat.

Fiskréttur golfarans
ýsuflök, í stórum bitum,
sítrónusafi,
Aromat,
salt og pipar,
karrý,
hveiti

Sítrónusafi settur á aðra hlið fiskbitanna og vel af Aromati á hina hliðina og þetta látið bíða litla stund. Fiskinum er svo velt upp úr hveiti sem kryddað hefur verið með salti, pipar og karrý (ekki spara karrýið). Fiskbitarnir eru svo steiktir á pönnu og raðað í eldfast mót.

gulur laukur,
græn paprika,
epli,
rjómi,
laukur, paprika og epli er skorið smátt og látið malla smástund á pönnu (en ekki brúnast), þessu er hellt yfir fiskinn og að síðustu rjóma hellt yfir fiskinn í mótinu. Sett í 200° heitan ofn í 20 mínútur. Borið fram með banönum (skornir í sneiðar sem steiktir eru á pönnu), mangó-chutney og hrísgrjónum (eða kartöflum).

Gleðilegt sumar

MOSFELLSBAKARÍ

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Ísak Logi fæddist 30. nóvember 2009. Hann var 2635 gr og 46 cm. Foreldrar hans eru Arnar Sigurðsson og Berglind Dís Guðmundsdóttir

REDDARI EHF

- Parketslípun
- Parket niðurlagnir
- Allt viðhald parkets
- Kem á staðinn og geri föst verðtilboð.

Upplýsingar í síma 822-0636

REDDARI EHF

MOSFELLINGUR

Næsta blað kemur út:

Miðvikudaginn 16. júní
(skilafrestur efnis 12. júní)
mosfellingur@mosfellingur.is

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast til leigu
Við erum hjón með eitt barn og óskum við eftir 3 herb. íbúð til langtímaleigu, greiðslugeta okkar er 75-85.000 kr. á mánuði
S: 8688409- 8995119

Nói týndur

Svart/hvít kk kisa sem heitir Nói týndist frá Aðaltúni 18 þann 7. maí. Blindur á öðru auga. Sárt saknað. Allar upplýsingar um ferðir hans vel þegnar.
S: 848-8585.

Hjólum stolið
Hjólunum okkar var stolið fyrir utan heimili okkar í Skeljatanganum aðfaranótt laugardags, Þetta voru sifurlitað Mongoos pro karlmannshjól og dökk grænt Bronco kvennmannshjól með svartri körfu. Ef einhver hefur séð þau þá má sá hinn sami hafa samband í síma 898-9343, Magnea Ásta.

Fundið hjól
Við strákarnir fundum tínt fullorðinshjól sem virkar. Nánari upplýsingar í síma 824-7696.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is

Mosfellingur
á netinu

www.mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Í hvaða sæti lendir Hera í Eurovision?

STEINUNN OG ÞORGERÐUR:
7. sæti

MARÍUS:
5. sæti

KIDDI RÓT:
12. sæti

KJARTAN:
10. sæti, ekki neðar

PÉTUR:
1. sæti, án efa.

HILDUR:
Við tökum þetta núna.

Miðholts undrin

Baldur og beiburnar

Mælir með þessu

Sumarið er tíminn

Glefsurnar

Berti og Megas í stuði

Stemning á pallinum á Álafossi

Sódóma Mosfellsbær

Fremstar í stafrófinu

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Íþróttamenn Mosfellsbæjar

Tvö yfir pari

Can't Walk Away

Je Ne Sais Quoi

Dólgar í Dalsgarði

Kryddarinn

MOSFELLINGUR er á... facebook



Bræðurnir Dalmann

Bongó Einsi

Tik-Tok skinkurnar í Gaggó

Nýstúdentar

Samma-Siggi

BURGER MASTER

HOME MADE FROM HRÍSBRÚ

ANDRÉS Á HRÍSBRÚ SÉR UM SÍNA

TVÍFARAR

SIGURBJÖRG

JENNA

áslákur

Blues & Jazz
Country & Irish

Stór öl og skot 1.200

Það skiptir máli hverjir stjórna

Á síðustu tveimur kjörtímabilum eða síðan árið 2002 hefur samanlagður afgangur af rekstri verið rúmur milljarður króna. Þetta er einmitt sá tími sem við sjálfstæðismenn höfum verið í meirihluta í bæjarstjórn og á þessu kjörtímabili í góðu samstarfi við VG.

Margar stórframkvæmdir

Fjárfestingar á þessu tímabili hafa verið rúmir þrír milljarðar og þar af hafa tveir af þessum þremur milljörðum verið fjármagnaðir með eigin fé, eða fé sem reksturinn sjálfur hefur skilað. Einn af þessum rúmum þremur milljörðum sem fjárfest hefur verið fyrir hefur verið tekinn að láni. Í margar stórframkvæmdir hefur verið ráðist á þessu tímabili og má þar nefna m.a. að byggðir hafa verið 2. og 3. áfangi Lágafellsskóla, Íþróttamiðstöðin að Lágafelli, gervigrasvöllur að Varmá, Brúarland gert upp og Krikaskóli byggður.

Fjárhagsstaðan traust

Þrátt fyrir þessa miklu uppbyggingu og þann tekjumissi sem orðið hefur að undanförnu er fjárhagsstaða sveitarfélagsins traust. Mosfellsbær er meðal þeirra sveitarfélaga sem ber hvað lægstar skuldir á íbúa. Ástæða þess er einföld, hér hefur verið unnið ábyrgt og gott starf á undanförnum árum.

Cafe Kidda Rót
Háholti 13-15 › Sími: 552-8002
www.cafekiddarot.is

MOSFELLINGUR

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

FRÁBÆR ÁRANGUR Á FAXAFLÓAMÓTI

Strákarnir í 5. flokki karla í knattspyrnu stóðu sig vel í B- riðli Faxaflóamótsins. D- og A- liðin unnu alla sína leiki og enduðu sem Faxaflóameistarar. C- liðið endaði í efsta sæti síns riðils ásamt FH en hlýtur silfurverðlaun þar sem innbyrðis viðureign liðanna var okkur í óhag. B-liðið gerði einnig mjög vel og endaði í 3. sæti í sínum riðli. Það er ljóst að með þessum árangri færist Afturelding upp í A-riðil Faxaflóamótsins að ári. Á meðfylgjandi mynd eru allir drengirnir í 5. flokki ásamt þjálfurum sínum.

– FÓLK FYRST OG FREMST

Kosningakaffi sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ

Hlégarði frá 9:00-18:00 á kjördag, laugardaginn 29. maí

Kosningavakan verður í Hlégarði frá kl. 20:00 og fram eftir kvöldi.

PÖBBKVISS
Á Kidda rót, föstudaginn 28. maí klukkan 20:00.

Allir velkomnir,
Sjálfstæðismenn

Það skiptir máli hverjir stjórna
× D

ERUM FLUTT
Í HÁHOLT 14
Í MOSFELLSBÆ

BERG FASTEIGNASALA

Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

588 55 30

Þverholt

Til sölu afar glæsileg 91 fm. þriggja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í fallegu fjölbýlishúsi. Eignin er öll hin vandaðasta. Parket og flísar á gólfum. Útgengt úr stofu og herbergi á stórar suðursvalir. Sér inngangur. **V. 21 m.**

Súluhöfði m/aukaíbúð

Nýtt í sölu. vönduð 200 fm. sérhæð auk 60 fm. auka íbúðar á neðri hæð með sér inngangi. Innfelldur bílskúr. Mikil lofthæð í stofu. 4 rúmgóð herbergi. 2 snyrtingar, flísalagðar í hólf og gólf. Á neðri hæð er vönduð 60 fm. íbúð. **V. 43,9 m.**

Súluhöfði

Mjög vel staðsett 185 fm. einbýli við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. 4 góð herbergi, rúmgóð stofa. 2 baðherbergi.Eftir er að klára lóð. Rúmgóður bílskúr. **V. 42,0 m.**

Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólpallur. Hellulagt bílaplan. Hagstætt áhvílandi lán. **V. 36,8 m.**

Víðiteigur

78 fm. endaraðhús við Víðiteig í Mosfellsbæ. Parket á gólfum. Björt stofa. Baðherbergi flísalagt með góðum innréttingum. Góðir fataskápar. Rúmgott loft yfir sem er utan fermetratölu. Flottur garður. Laust strax. **V. 20,3 m.**

Völuteigur - til leigu

215 fm. atvinnuhúsnæði á frábærum stð í Mosó. Flott bílastæði og góð aðkoma. Malbikað bílaplan. Húsnæðið er í topp viðhaldi og hentar undir ýmsa starfsemi. Góð lofthæð. Snyrting,kaffistofa,skrifstofa og gott geymslupláss. Stór vinnusalur.

Ásland

Glæsilegt og frábærlega staðsett 280 fm. einbýli eft í Áslandinu. 4 góð svefnherbergi. 2 stofur og flott tómstundaherbergi. Stór sérhannað nuddpotur. Stór lóð 1600 fm. Mörg bílastæði.Rúmgóður bílskúr og groðurhús.

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Netfang: berg@berg.is • www.berg.is • Berg fasteignasala stofnuð 1989